



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Ársskýrsla Akureyrarbæjar

2014



Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	2
Bæjarstjórn og bæjarráð	3
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	3
Akureyrarstofa	3
Búsetudeild	5
Fasteignir Akureyrarbæjar	6
Fjármála- og hagþjónusta	7
Fjölskyldudeild	8
Framkvæmdadeild	9
Heilsugæslustöðin	10
Samfélags- og mannréttindadeild	10
Skipulagsdeild	12
Skóladeild	13
Starfsmannþjónusta	17
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	19
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	22



Ávarp bæjarstjóra

Akureyri er höfuðborg

Ný bæjarstjórn var kjörin 31. maí 2014 og nýr meirihluti myndaður strax í kjölfarið. Oddvitar meirihlutans leituðu til mín til að gegna starfi bæjarstjóra fjögur ár til viðbótar og fyrir það er ég þakklátur. Það hefur verið og er mér mikið kappsmál að efla hag Akureyrar og berjast fyrir því á heimavelli og á vettvangi ríkisvaldsins að bærinn haldi sínum hlut og geri sig enn gildari á landsvisu. Akureyri hefur allt til að bera sem prýtt getur höfuðstað Norðurlands og landsbyggðarinnar allrar.

Einn grundvallarþáttur í vexti atvinnulífs á 21. öldinni er öflugt stöðkerfi, styrk stjórnsýsla og greiðar samgöngur. Akureyringar og landsmenn allir þurfa að hafa beinan aðgang að allri þeirri miðlægu þjónustu og stjórnsýslu ríkisins sem er að finna í höfuðborginni. Ef færa á miðstöð innanlandsflugs og eitt mikilvægasta samgöngumannvirki landsins burtu frá Reykjavík þá þarf einnig að færa þaðan ýmsar ríkisstofnanir og fer þá að kvarnast úr stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar.

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Íbúaskrá Akureyrar voru íbúar Akureyrarbæjar 18.194 þann 1. desember 2014 og hafði fjölg-að um 121 eða um 0,67%. Þar af eru Hríseyingar 174 og Grímseyingar 86. Karlar voru 9.007 og konur 9.187. Hinn 1. desember 2013 voru íbúar Akureyrar-bæjar 18.073.

Frá 2. desember 2013 til 1. desember 2014 fæddust 239 börn en 124 bæjar-búar létust.

Aðfluttir umfram brottflutta voru 6. Elsti íbúi bæjarins var María Jóhannes-dóttir fædd 25. september 1914.

Allir Íslendingar eiga að hafa eins jafnan aðgang að grundvallarþjónustu ríkisvaldsins og frekast er kostur. Höfuðborgarbúar eiga ekki að vera „jafnari en aðrir“ eins og George Orwell orðaði það. Ef miðstöð innanlandsflugs færast út úr höfuðborginni þá liggur beinast við að færa aðrar stofnanir þaðan líka og mætti hugsa sér að reisa þá nýjan Landsspítala á Akureyri, flytja Samgöngustofu til Egilsstaða og Umhverfisstofnun til Ísafjarðar, svo ég nefni eitthvað af handahófi.

Og svo við höldum okkur við flugvöllina þá má nefna að annað brýnt verkefni okkar Akureyringa er að styrkja millilandaflugvöllinn á Akureyri og treysta varanlega beint flug milli Evrópu og Ameríku. Opna þarf fleiri gáttir til og frá landinu.

Fyrir rúmum áratug ráku Akureyringar yfirleitt upp stór augu ef þeir sáu erlenda ferðamann á götum bæjarins yfir vetrartímann. Núna sjáum við erlenda gesti í bænum alla daga ársins. Ferðamennskan er orðinn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá sem skilar þjóðarþúinu mestum tekjum. Akureyri nýtur líka góðs af þessari þróun og bærinn okkar er í alla staði ákaflega vel til þess fallinn að taka á móti fleira ferðafólki til lengri eða skemmri dvalar. Möguleikarnir eru endalausir en þá þarf grunngerðin fyrir ferðaþjónustuna auðvitað að vera sterk. Leiðir það hugann að millilandaflugi um Akureyri.

Árið 2014 sló öll met í fjölda ferðamanna sem komu til landsins og ennþá er búist við miklum vexti. Áætlanir gerðu ráð fyrir að árið 2015 kæmu um 1,2 milljónir ferðamanna til Íslands en þar af aðeins um 150 þúsund með öðrum hætti en í gegnum Leifsstöð. Leifsstöð er að springa undan álaginu og segja má að Reykjavík sé yfirfull flesta daga ársins. Deila þarf þessum gríðarlega fjölda ferðamanna betur um landið og þá er enginn staður betri en Akureyri til að taka við því sem suðvesturhornið annar ekki. Héðan er stutt í margar helstu náttúruperlur landsins. Hér er mikill fjöldi gistirýma og þeim fer fjölgandi og veitingahúsin og affreygingin er eins og best verður á kosið.


Ég skynja það að Akureyri er í örum vexti. Hér vill fólk búa og hingað vill fólk flytja. Rekstur bæjarins og fjárhagsstaða er traust og hefur gengið vonum framár á síðasta ári. Auðvitað þarf eins og áður að gæta ítrasta aðhalds í öllum fjárskuldbindingum og fara vel með útsvar íbúanna en ef lítið er til þróunar síðustu ára og hversu vel hefur tekist að efla samfélagið þá eru öll teikn á lofti um að ennþá bjartara sé framundan og að Akureyrarkaupstaður eigi eftir að eflast á ókomnum árum.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri




Stjórnkerfi Akureyrarbæjar

Fastanefndir



Deildir og yfirstjórn Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Kosningar

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 31. maí 2014. Akureyrarkaupstað var skipt í 12 kjördeildir, tíu á Akureyri, ein í Hrísey og ein í Grímsey. Kjörstaðir voru í Verkmenntaskólanum á Akureyri, Hríseyjarskóla og í Hreppshúsinu í Grímsey. Á kjörskrá voru 13.339 en atkvæði greiddu alls 8.959 eða 67,17%. Utan kjörfundar kusu 1.061, en á kjördaginn sjálfan kusu 7.898, auðir kjörseðlar voru 297 og ógildir 41.

Í framboði voru 7 listar. Listarnir voru B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi L-listans, lista fólksins, S-listi Samfylkingar, T-listi Dögunar, V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs og Æ-listi Bjartrar framtíðar. Hlutu þeir atkvæði og fulltrúa sem hér segir:

B-listi	1.225	atkvæði og 2 fulltrúa
D-listi	2.222	atkvæði og 3 fulltrúa
L-listi	1.818	atkvæði og 2 fulltrúa
S-listi	1.515	atkvæði og 2 fulltrúa
T-listi	121	atkvæði og engan fulltrúa
V-listi	906	atkvæði og 1 fulltrúa
Æ-listi	814	atkvæði og 1 fulltrúa

Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarstjórn hélt 17 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 18. júní. Þar var lesin upp yfirlýsing um samstarfssamning Framsóknarflokksins, L-listans, lista fólksins og Samfylkingarinnar um meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu 2014 til 2018. Eiríkur Björn Björgvinsson var endurráðinn bæjarstjóri. Matthías Rögnvaldsson var kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigríður Huld Jónsdóttir 1. varaforseti og Gunnar Gíslason 2. varaforseti. Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð til eins árs Logi Már Einarsson varaformaður, Matthías Rögnvaldsson, Gunnar Gíslason, Sóley Björk Stefánsdóttir og Margrét Kristín Helgadóttir sem er áheyrnarfulltrúi í bæjarráði til eins árs.

Bæjarráð hélt 47 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýs bæjarráðs var haldinn 26. júní.

Viðtaltímar bæjarfulltrúa og hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtaltímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði. Þar eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum. Fundargerðir viðtaltímanna fara fyrir bæjarráð sem vísar málunum áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í öllum hverfum bæjarins á árinu. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa fer með menningar-, markaðs-, ferða- og atvinnumál fyrir hönd Akureyrarbæjar. Árið 2014 var sjöunda heila starfsárið og einkenndist eins og áður mikið af þátttöku í skipulagi viðburða af margvislegum toga flesta mánuði ársins en jafnframt var unnið að stefnumótun á sviði menningarmála og atvinnumála.

Ferða- og markaðsmál

Ferðaþjónustan er áfram í örur vexti og þróun. Mikil breyting hefur orðið á gistirýmum en samfara því að af allri gistingu þarf nú að greiða fasteignagjöld eins og um atvinnuhúsnaði sé að ræða, hafa nokkrir minni aðilar dregið sig út úr greininni og einnig er orðið minna um svarta atvinnustarfsemi þar sem allir sem auglýsa fá tilkynningu um breytt fasteignagjöld. Þrátt fyrir það stefnir í að gistirýmum fjölgi og ný hótél eru á teikniborðinu. Fleiri veitingastaðir hafa bæst í hópinn og fjölbreytni í afþreyingu aukist, m.a. jeppa- og gönguferðir með leiðsögn og boðið var upp á útsýnisflug til að skoða eldgosið í Holuhrauni. Tvær nýjar árlegar hátíðir fóru fram á árinu: „Iceland Winter Games“ og þjóðlistarhátíðin „Tradition for tomorrow“

Töluverðar breytingar urðu á almenningssamgöngum hjá Strætó á Norðurlandi. Ferðum var fækkað til austurs og út með firðinum til Siglufjarðar og tenging við ferjurnar til Hríseyjar og Grímseyjar versnaði til muna. Reynt var að bæta þjónustuna innan fjarðar með samstarfi við Activitybus sem komið var á laggirnar yfir hásumarið. Fjöldi farþega með Strætó á Norðurlandi jókst um 7.7% á milli ára og var mesta aukning 60% í apríl eða tæplega 700 farþegar. Alls ferðuðust rúmlega 20 þúsund manns með Strætó á Norðurlandi árið 2014.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu með sama sniði og áður, einnig endurbættir bæklingar um Hrísey og Grímsey. Einnig var gefinn út bæklingur um útilistaverk í bænum og almennur bæklingur fyrir ferðamenn í stóru upplagi í samstarfi við My Destination Reykjavík. Fyrir utan að annast vefsíðurnar Akureyri.is og Visitakureyri.is, heldur Akureyrarstofa úti þremur síðum á samfélagsmiðlinum Facebook: Síðunni „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsingasíða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir íslenska gesti og „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn.

Markaðssetning Akureyrar yfir vetrartímann hefur aukist stórlega m.a. fyrir tilstilli stórra ferðaþjónustuaðila eins og Icelandair og Iceland Travel. Mikil aukning hefur orðið á komu ferðamanna til Íslands og hefur þeim klárlega fjölgað hér fyrir norðan líka en þó ekki í neinu samræmi við fjölgunina á suðvesturhorninu. Nokkuð sem ekki mun breytast nema með opnun nýrrar fluggáttar eða með betri tengingu beint við Keflavikurvöll allt árið. Á tímabilinu janúar til maí fjölgaði gistinóttum á hótélum á Norðurlandi að jafnaði um 13% frá fyrra ári og felst sú aukning nær eingöngu í komu erlendra gesta.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu og markaðssetningu bæjarins. Akureyrarstofa stýrði meðal annars klasaverkefninu Komdu norður eins og fyrri ár og lagði flugklasnum AIR66 til fjármuni til starfsemi sinnar. Klasinn stefnir að bættari markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um hann.

Akureyrarstofa stýrði súpufundum ferðaþjónustunnar sem eru virkur fræðslu- og samstarfsvettvangur greinarnar á Akureyri. Akureyrarstofa hefur smám saman aukið samstarf sitt við ferðaþjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. gerð nýs táknis fyrir heimskautsbauginn í Grímsey og unnið var að gerð söguskilta sem setja á upp meðfram gönguleiðum bæði í Grímsey og á Akureyri.



Akureyrarstofa auglýsti ágæti bæjarins sem ákvörðunarstaðar ferðamanna með þátttöku í Vest Norden ferðakaupstefnunni og í fyrsta sinn einnig á Mid Atlantic ráðstefnunni. Þetta starf virðist ætla að skila góðum árangri því áhugi erlendra ferðaskrifstofa hefur aukist mikið og voru fulltrúar bæjarins bókaðir með stífa dagskrá á báðum sýningunum þar sem kostir bæjarins voru kynntir.

Atvinnumál

Í byrjun árs var unnið áfram að stefnmótun í atvinnumálum Akureyrar og var Atvinnustefna Akureyrar 2014-2021 samþykkt í bæjarstjórn þann 1. apríl. Aðferðafræðin sem notuð var gat af sér leiðarvísi um hlutverk sveitarfélagsins þegar kemur að atvinnuuppbyggingu sem og þátttöku í einstökum verkefnum.



Stefnan skilgreinir þannig almennt hlutverk sveitarfélagsins í atvinnumálum og aðkomu að sértækum verkefnum. Þannig er atvinnustefnan mikilvægt verkefni fyrir bæði bæjaryfirvöld og atvinnulíf.

Akureyrarstofa var einn skipuleggjenda og aðalstuðningsaðila Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar sem fram fór í mars í fjórða sinn á Akureyri. Viðburðurinn hefur nú fest sig í sessi sem hluti af stuðningsumhverfi atvinnu- og nýsköpunar innan sveitarfélagsins en metþátttaka var í ár þegar fleiri en 20 hugmyndir komu til úrvinnslu. Gæðafóður.is, fyrirtæki sem vinnur að lífrænni síræktun þar sem ræktun fer fram í þar til gerðum gámum sem stjórna hita og vökvun, hlaut fyrstu verðlaun. Hönnuðir nýs tölvuleikjar, Tiny Edifice, hlutu önnur verðlaun. Þriðju verðlaun hlaut Krummasæti sem er aukasæti fyrir börn á hnakk. Atvinnu- og nýsköpunarhelgin verður aftur haldin í febrúar 2015 skv. samkomulag Akureyrarstofu, Háskólans á Akureyri, Tækifæris fjárfestingarfélags og Stefnu Húgbúnaðarhúss um framkvæmd viðburðarins. Vonir standa til að helgin haldi áfram að vaxa og dafna næstu árin og er allt útítt fyrir að svo verði.

Á árinu 2014 var atvinnuleysi á Akureyri að meðaltali 3,4 % sem var minnkun úr 3,7 % frá árinu 2013 og 4,4 % árið 2012 skv. tölum Vinnuálagstofnunar. Mest var atvinnuleysið í febrúarmánuði þegar 412 voru á atvinnuleysissskrá og minnst í ágúst mánuði þegar 268 voru á atvinnuleysissskrá.

Athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrar voru veitt í fimmta sinn á Vorkomu Akureyrarstofu og komu í hlut Slíppsins fyrir athafnasemi og kraftmikla starfsemi. Neptune hlaut viðurkenningu fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf.

Menningarmál

Vorkoma Akureyrarstofu fór venju samkvæmt fram sumardaginn fyrsta og skipulög dagskrá í Ketilhúsinu. Það var niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu eftir umsögn frá ráðgjafahópi að veita Ragnheiði Björk Þórsdóttur myndlistarkonu starfslaun til 8 mánaða en hún er í röð fremstu textillistamanna landsins. Heiðursviðurkenningar Menningarsjóðs fyrir mikilvægt framlag til menningarmála hlutu myndlistarmaðurinn Guðmundur Ármann Sigurjónsson og leikkonan Sunna Borg. Arkitektastofan Gláma-Kím hlaut viðurkenningu fyrir byggingalist fyrir heildarútlit Háskólans á Akureyri og einkar áhuga-verða heildarmynd háskólasvæðisins. Það var svo hið reisulega hús

við Þórunnarstræti 99, gjarnan nefnt Gamli húsmæðraskólinn, sem hlaut viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar. Á Vorkomu voru einnig veitt athafnaverðlaun Akureyrar og nýsköpunarverðlaun. Athafnaverðlaunin komu í hlut Slíppsins á Akureyri, sem er stærsta skipasmíða- og málmvinnslufyrirtækið á Íslandi. Nýsköpunarverðlaunin komu í hlut Neptune ehf. en fyrirtækið gerir út tvö rannsóknarskip sem sérhæfð eru til að þjónusta orkugeirann.

Árið 2014 varð verulegur samdráttur í útlánum gagna á Amtsbókasafninu. Fækkaði þeim um tíu prósent milli ára og þarf að fara allt aftur til ársins 2003 til að finna sambærilegar tölur. Gestum safnsins fækkaði einnig um sjö prósent milli ára og þarf að fara áratug aftur í tímann til að sjá sambærilegar tölur. Sýningar voru haldnar allt árið í sýningarrými Amtsbókasafnsins og var fjölsóttasta sýningin „Eitt sinn skáti“ sem haldin var í júlímánuði.

Á Héraðsskjalasafninu fjölgaði gestum milli ára. Þannig fjölgaði karlmönnum um 9,3 % og konum um 22,2 %. Einnig var umtalsverð aukning í lánum á lestrarsal eða um 9,8 %. Skjalaafhengingum til safnsins fækkaði verulega milli ára, fóru úr 105 í 83. Safnið tók að venju þátt í norræna skjaladeginum sem haldinn er árlega og að þessu sinni var hann helgaður vesturförum. Sett var upp sýning á skjölum úr safninu.

Töluverðar breytingar áttu sér stað hjá Listasafninu á Akureyri 2014. Í lok ársins var nafnið „Sjónlistamiðstöðin“ lagt til hliðar og Ketilhúsið jafnframt gert að sýningarsal Listasafnsins. Deiglan var færð í umsjá Gilfélagsins um áramótin og þar af leiðandi mun Listasafnið standa fyrir sýningarhaldi í tveimur byggingum framvegis, þ.e. Listasafnsbyggingunni og Ketilhúsinu. Nýr safnstjóri tók til starfa í maí í hlutastarfi en 1. ágúst í fullu starfi. Staðið var fyrir 19 sýningum á árinu 2014; 5 í Listasafninu, 7 í Ketilhúsinu og 7 í Deigluinni. Leiðsögn um sýningar ársins fóru fram á fimmtudögum í hádeginu. Gestir á sýningar Listasafnsins voru samtals 12.162. Mjög mikil aðsókn var á sumarsýninguna, Íslensk samtíðarportrett – mannlýsingar á 21. öld, en hana sáu 6.076 manns og þar af voru erlendir ferðamenn rúmlega helmingur. Alls kom 41 hópur í safnfræðslu frá grunnskólum bæjarins, leikskólum bæjarins, Verkenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Myndlistaskólanum á Akureyri. Um haustið var gert sérstakt átak í að efla heimsóknir skóláhópa sem tókst afar vel. Í september hófst fyrirlestraröðin Þriðjudagsfyrirlestrar sem haldin er í samstarfi við Háskólann, Myndlistaskólann og Verkenntaskólann og fóru fyrirlestrarnir fram á þriðjudögum í Ketilhúsinu.

Minjasafnið á Akureyri samanstendur af safnahúsinu í Innbænum, bókmenntasöfnunum þremur; Nonnahúsi, Davíðshúsi og Sigurhæðum, Gestastofu og Gamla bænum Laufási. Varðveisla menningararfsins og miðlun hans með rannsóknunum, sýningum og safnfræðslu er meginverkefni safnsins og deilda þess. Safnið býr nú yfir um 2,5 milljón ljósmynda og um 20.000 gripum og bætist árlega við þennan fjarsjóð góðar gjafir frá stofnunum og einstaklingum. Sífellt stærri hluti safnkostsins er nú aðgengilegur utan veggja safnsins því munaskrá safnsins er öllum opin í gegnum sarpur.is. Vefurinn hlaut Íslensku safnaverðlaunin árið 2014 en Minjasafnið á Akureyri er þriðji stærsti eigandi gagnagrunnsins. 33.073 gestir sóttu sýningar, viðburði og fræðslu allra hluta safnsins en ótaldir eru þeir sem nýta sér upplýsingar og aðra þjónustu varðandi húsvernd og minjavörslu. 14.011 gestir heimsóttu Minjasafnið á Akureyri, 13.014 Gamla bæinn Laufás og Gestastofuna. Nonnahús heimsóttu 3182, 696 Davíðshús og 370 Sigurhæðir. Viðburði sóttu 5966 gestir og safnfræðslu sóttu 3269 nemendur og kennarar af öllum skólastigum og frá ýmsum stofnunum. Rúmlega helmingur gesta safnanna eru erlendir ferðamenn og var ákveðið í árslok að auka opnun yfir vetrartímann og verður Minjasafnið nú opið alla daga frá 13-16 yfir vetrartímann einn og áður 10-17 alla daga að sumri.

Fastasýning safnsins var Akureyri bærin við Pollinn en settar voru upp þrjár sýningar í Aðalstræti. Land fyrir stafni – Íslandskort 1547-1808 – Schulte Collection var sett upp í stærsta sýningarrými safnsins, sú fyrsta sem sett er þar upp síðan 1999. Sýningin samanstóð af 76 einstökum landakortum af Íslandi sem þýsk hjón, Schulte, gáfu íbúum Akureyrar. Sýningin og þessi mikla gjöf vakti athygli innanlands og utan. Önnur aðalsýning safnsins var sýning Harðar Geirssonar, Með augum fortíðar - Akureyri ljósmynduð með tækni 19. aldar. Árleg jólasýning safnsins var opnuð í nóvember. Aðalþema sýningarinnar voru skógjafir jólasveinanna í gegnum tíðina. Í tengslum við sýninguna fór fram jólafræðsla safnsins og komust færri að en vildu eða tæplega 1.300 skólabörn og kennarar.

Fagnaðir tengdir fyrsta degi sumars og vetrar eru orðnir að föstum lið. Á sama hátt hefur Eyfirski safnadagurinn skotið föstum rótum,

þar sem söfnin bjóða íbúum í Eyjafirði í sérstaka heimsókn. Starfsdagar í Laufási eru einnig rótgrónir þar sem sveitastörfin og handtökin í sveitinni eru í forgrunni.

Safnið hafði umsjón með uppbyggingu á ferðamannastaðnum Gásum og miðaldadögum. Þeir voru vel sóttir eins og áður en um 2.000 manns sóttu hátíðina. Á Akureyrarvöku stóð safnið að Draugaslòð í Innbænum í samstarfi við Akureyrarstofu.

Nýtt leikverk, Söngur hrafna eftir Árna Kristjánsson í leikstjórn Viðars Eggertssonar, var frumflutt í Davíðshúsi í mars. Verkið var samstarfsverkefni Útvarpsleikhússins og Leikfélags Akureyrar og hlaut hlaut Grímuna fyrir besta leikverk í útvarpi 2014.

Um áramótin 2014/2015 tók Menningarfélag Akureyrar yfir rekstur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Leikfélags Akureyrar og Menningarfélagsins Hofs. Vonir standa til að þessar breytingar verði til þess að efla samstarf þessara þriggja aðila og jafnvel leiða til hagræðingar og sparnaðar í rekstri þannig að meira geti orðið úr því fé sem Akureyrarbær leggur til starfseminnar.

Rekstur Hofs gekk afar vel á árinu líkt og verið hefur frá upphafi. Fjölbreytileikinn í dagskránni hefur í för með sér að ólíkir hópar sækja í húsið og allir finna eitthvað við sitt hæfi. Gestafjöldi á árinu jókst verulega, sérstaklega á þeim tímum sem ráðstefnur hafa verið áberandi þ.e.a.s. á vormánuðum og aftur um haustið. Fimmsta starfsár Hofs fór vel af stað enda hefur húsið og starfsemin þar fest sig í sessi hjá Akureyringum og landsmönnum öllum.

Síðasta leikar var mikið uppskeruár hjá Leikfélagi Akureyrar. Settar voru upp fjórar leikýningar sem allar vöktu athygli hver á sinn hátt. Sek eftir Hrafnhildi Hagalín í leikstjórn Ingibjargar Huldar Haraldsdóttur var frumsýnt í október 2013. Leikritið var valið sem framlag Íslands til Norrænu leikskáldastarinnar. Gullna hliðið eftir Davíð Stefánsson var valið til uppsetningar í tilefni 40 ára afmælis LA sem atvinnuleikhúss. Sýningin var tilnefnd til sex Grímuverðlauna og kom heim með þrenn verðlaun; fyrir leikstjórn, sviðshönnun og búningahönnun. Aðstandendum Gullna hliðsins var boðið í Borgarleikhúsið þar sem leiknar voru tólf sýningar á stóra sviðinu.

Lísa og Lísa eftir Amy Conroy var frumsýnt í lok febrúar. Þar stigu á svið hinar ástsælu leikkonur Saga Jónsdóttir og Sunna Borg. Leikstjóri var Jón Gunnar Þórðarson. Verkið var sett upp í Tjarnarbíói í janúar 2015. Einnig var sett upp sýningin Skemmtilegt er myrkið og fór hún í leikferð í leikskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta verkefni var í samvinnu við Norðurorku.

Aðsóknin í leiklistarskóla LA jókst enn á síðasta leikári og á vorönn 2015 færðist kennslan í Hof svo væri að tryggja aðgengi allra barna að skólanum.

Fjölmargir listamenn voru í vinnustofum hjá LA á síðasta leikári og verkefni af ýmsu tagi. Pólskur leikhópur kom og sýndi Blá hnöttinn eftir Andra Snæ í samkomuhúsinu haustið 2014. Einnig unnu LA og Hundur í óskilum í samstarfi sýninguna Öldin okkar sem sýnd var í Samkomuhúsinu og fór síðan leikferð í Borgarleikhúsið.

Árið var fjölbreytt hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands en á efnisskránni voru m.a. fjölskyldutónleikar í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri þar sem leikið var með Hljómsveitinni Pollapönki sem keppti í Evróvisjón í Danmörku sama ár. Á stórtónleikum á skírdag var öllu tjaldað til og mikið lagt undir í samstarfi við Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar Sinfónía nr. 6 eftir Mahler var flutt. Hljóðfæraleikarar voru 100 en aldrei áður hefur SN verið svo fjölmenn. Að venju leggur SN áherslu á að eiga góð tengsl við tónlistarfólk á svæðinu og er í góðu samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri. Nemendur TA hafa leikið á ýmsum tónleikum SN á árinu undir handleiðslu kennara sinna. Slíkt samstarf þjónar uppeldislegu hlutverki sem og tónlistarlegu og stuðlar að því að efla tónlistarlíf á Norðurlandi og skapa tónlistarfólki vinveitt umhverfi.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkingu aldris, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, sértæk heimaþjónusta/frekari liðveisla, sértæk búsetuþjónusta við fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks, ráðgjöf iðjuþjálfra og heilsuefandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu, sinnir deildin þjónustu við íbúa Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandahrepps, samkvæmt samningum þar að lútandi. Á árinu var tekin ákvörðun um að félags- og

tómstundastarf aldraðra í félags- og þjónustumiðstöðvunum í Víðilundi og Bugðusíðu, sem heyrði undir búsetudeild, færðist undir samfélags- og mannréttindadeild þar sem annað félagsstarf bæjarins er. Einnig var dagþjónusta aldraðra í félags- og þjónustumiðstöðinni í Víðilundi sameinuð dagþjónustu aldraðra á Hlíð og heyrir nú undir Öldrunarheimili Akureyrar.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir skuli búa á eigin heimili í stað þess að flytja á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan er margvísleg, frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald yfir í að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem veitt er aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Fjöldi heimila sem fengu heimaþjónustu á árinu 2014 var 610. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 74 einstaklingar þjónustunnar. Þar af bjuggu sex á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir en þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í íbúðakjörnum þar sem nokkrar íbúðir eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Veittur er stuðningur í íbúðunum allt eftir þörfum hvers og eins. Tveir einstaklingar sem búa í íbúðakjarna eru í öryggisvistun, þ.e. hafa verið dæmdir til að sæta öruggri vistun og íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með tilliti til þess, auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Enn eru þrjú herbergjasambýli starfrækt á vegum Akureyrarbæjar þar sem 16 einstaklingar búa en stefnt er að því að bjóða þeim öllum búsetu í íbúðum. Að auki fengu 24 einstaklingar sértæka heimaþjónustu/frekari liðveislu sem er meira en 10 klst. þjónusta á viku.



Skammtímaþjónustun fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtímaþjónustun veitti alls 19 einstaklingum þjónustu á árinu, átta voru yngri en 18 ára en 11 fullorðin. Undanfarnir ár hefur notendum haldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustunar árið 2014 voru 2.116, þar af 76 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn/ungmennni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6–9 ára bættast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 14 börn sér þjónustuna árið 2014, samtals í 2.088 daga. Þann 1. mars 2014 flutti skammtímaþjónustun og skólavistun í nýuppgergt og glæsilegt húsnæði við Bórunnarstræti 99 (gamla húsmæðraskólann). Aðbúnaður þar er allur hinn besti og eru notendur þjónustunnar mjög ánægðir.

Heilsuefandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er árlega boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns, auk

Þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af rekstri heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, efla sjálfstraust og auka öryggiskennnd, jafnframt að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum svo og þá þjónustu sem í boði er. Frá upphafi hefur þjónustunni verið afar vel tekið og á árinu 2014 þáðu, af þeim sem fengu boð um heimsókn, 74 % heimsókn eða símtal.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðum einstaklingum sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styðja þá til að njóta menningar og félagslífs. Þjónustu í forni félagslegrar liðveislu fengu 127 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma.

Á búsetudeild er veitt þjónusta iðjupjálfa í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Árið 2014 fengu 134 einstaklingar, á aldrinum 3ja-93ja ára, ráðgjöf.

Búsetudeild hefur á að skipa öflugu starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 322 í 176 stöðugildum. Af þessum 322 voru 50 í tímavinnu í félagslegri liðveislu. Karlar voru 116 í 60 stöðugildum og konur 206 í 116 stöðugildum. Karlar voru því í 34 % stöðugilda og konur í 66 %.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Í byrjun árs 2012 var skipaður vinnuhópur með fulltrúum frá stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar, félagsmálaráði, fjölskyldudeild, búsetudeild og Fasteignum Akureyrarbæjar, sem hafði það hlutverk að

við að skipuleggja jarðhæð hússins við Þórunnarstræti 99 fyrir félagsstarfsemi skátafélagsins Klakks á Akureyri. Verkið verður boðið út fyrir hluta ársins 2015.

Hamrar er fjölbreytt útivistar- og athafnasvæði þar sem lögð er áhersla á umhverfismál, ferðamál og almenna útivist með þarfar ferðamanna og almennings í huga. Skátafélagið Klakkur rekur tjaldsvæði að Hömrum og hefur aðsókn þar aukist jafnt og þétt. Kröfur eru um bætt aðstöðu á tjaldsvæðum og var þörfin fyrir það- og salernisaðstöðu orðin aðkallandi. Ákveðið var að nýta lausa kennslustofu og bæta við hana salerni fatlaðra. Stærð hússins er um 70 m² og samtals með yfirbyggðum palli er byggingin 106,2 m². Vinna hófst í maí og lauk byggingu hússins í árslok 2014.

Uppsteypu á íþróttahúsi og kennsluálmú Naustaskóla lauk á vordögum 2014. Á haustdögum 2014 var boðin út frágangur á lóð við aðalinngang skólans. Eins voru unnin gögn fyrir útboð á innahússfrágangi í kennaraálmú og er stefnt að því að framkvæmdum ljúki haustið 2015. Áætlað er að bjóða út frágang innahúss á íþróttahúsi og búningsaðstöðu í byrjun árs 2015 og að síðasta áfanga í innahússfrágangi ljúki sumarið 2016. Samkvæmt framkvæmdafrátt Akureyrarbæjar má ætla að skólinn verði fullbyggður með frágenginni lóð í lok ársins 2016. Heildarstærð skólans verður um 6.200 m².

Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar samþykkti við gerð þriggja ára áætlunar 2014-17 að endurnýja rennibrautir í Sundlaug Akureyrarbæjar. Haldin var opin samkeppni á milli áhugasamra aðila í opnu útboði á árinu 2014. Óskað var eftir því að uppgönguturninn fyrir rennibraut yrði yfirbyggður, upphitaður og vel loftræstur. Sömu leiðis var talinn mikill kostur ef rennibrautirnar myndu bjóða upp á nýja upplifun fyrir sundlaugagesti sem ekki finnst annars staðar á landinu. Eftir skoðun á svæði og landlegu var tekin ákvörðun hjá verkefnisliði rennibrautarinnar um að spegla brautunum og reisa hina nýju vestan við núverandi lendarlaug og var sú tillaga kynnt fyrir Stjórn Fasteigna á haustdögum 2014. Helstu rök fyrir þeirri ákvörðun eru að betri nýting fengist á sundlaugarsvæðið og meira er horft til framtíðarskipulags, svæði sem er mestu ónotað í dag fær aukid hlutverk. Sömu leiðis má nefna að barnabrautin flyst nær barnasvæðinu upp við húsið. Ungbarnasvæðið er þá orðið að meiri heild og á skjólsælum stað á sundlaugarsvæðinu. Pottasvæði í sundlauginni er fullnýtt eins og það er í dag en legupottur í núverandi mynd nýtist ekki nema hluta úr ári vegna vandamála í kælingu þar sem hann er grunnur. Tekin var ákvörðun um að koma fyrir nýjum heitum potti sem þjónaði breiðari hópi við vesturenda lendarlaugar. Í framkvæmdafrátt Akureyrarbæjar kemur fram að áætlað er að framkvæmdum við rennibraut, umhverfi og nýjan pott ljúki á árinu 2017.

Á árinu var lokið við framkvæmdir við nýtt loftræsikerfi í Reiðhöllinni og sett útsog frá snyrtingum og eldhúsi. Eins var unnið að frágangi á félagsaðstöðu á 2. hæð.

Stærsta ófyrirséð viðhaldsverkefni ársins í Leikskólum voru viðgerðir á eldhúsi og gólfefni í leikskólanum Íðavöllum. Notað var tækifærið til að bæta uppröðun eldhústækja þar sem eldhúsið þjónar bæði Íðavöllum og Hlíðarskóla í Skjaldarvík. Farið var í töluverðar endurbætur á þaki og þakköntum á leikskólunum Pálmholti Flúðum og Hulduheimum Síðuseli. Eins var gert átak í endurnýjun á neyðarlýsingu og nýtt eldvarnarkerfi sett upp í leikskólanum Lundarseli.

Mikill jarðvatnsleki kom inn í grunn Síðuskóla undir dúk og í innveggi. Til þess að taka á vandanum var farið í samstarf við starfsfólk skólans og tölvustofa/bókasafn flutt á efri hæðir. Gólfefni var rífið og brunnar sagaðir undir gólfplötu til að dæla út grunnvatni. Farið var í viðhald á vesturálmú Oddeyrarskóla svo sem múrviðgerðir, gluggaviðgerðir og skólinn málalaur. Eins var farið í framkvæmdir í Brekkuskóla vegna frárennslis frá skólalæðhúsi og vatnsskemmda í anddyri. Útihurðir voru endurnýjaðar í Gleráarskóla og Lundarskóla auk þess sem farið var í aðrar endurbætur á skólalæðhúsi og aðstöðu fyrir dagvistun. Í Múla í Grímsey var neyðarlýsing endurnýjuð og nýtt eldvarnarkerfi sett upp.

Styrkur barst frá húsafríðunarnefnd fyrir hluta framkvæmda við Friðbjarnarhús þar sem tröppur við aðkomu voru endursteyptar og Nonnahús þar sem salur var endurinnréttaður. Gert var við þak Deiglnunnar í samstarfi við húsfélag ásamt því sem gert var við aðra þakhluta. Í Samkomuhúsinu var ráðist í endurnýjun neyðarlýsingar- og brunaviðvörðunarkerfa.

Unnið var að verkefnum í Glerársundlaug sem spara rekstarkostnað til lengri tíma svo sem uppsetningu á varmaskiptum



auk nýrra miðlunartanka og sturtustýringar. Við gervigrasvöll KA var ráðist í framkvæmdir innanhúss svo sem flutning á ræstherbergi norðan við sal. Farið var í viðgerðir á palli skíðahúss við Strýtu. Viðgerð var gerð á brunaviðvörðunarkerfi KA heimils og í Reiðhöll Akureyrar auk endurnýjunar á neyðarlýsingu. Brunalokun var endurbætt í Íþróttahöll og viðgerðir gerðar á lyftingaklefa.

Á slökkvistöð Akureyrar voru bílskúrhúðir fyrir sjúkrabíla komnar á tíma og því endurnýjaðar.

Almenningssalerni voru opnuð á árinu og töluverðar viðgerðir þurfti til vegna viðvarandi leka frá kirkjutröppum. Farið var í viðgerðir á kaffihúsinu í Lystigarðinum vegna leiguskipta og á Árholti vegna innflutnings sjálfstætt starfandi fræðimanna þar inn. Í ljós kom töluverður þakleki í Strandgötu 21 og var gert við hann.

Farið var í utanhúsmálun og múrviðgerðir í Smárahlið 1-3 auk hefðbundins viðhalds í átaksverkefni á íbúðum sem komnar eru á aldur.

Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2014 var samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2013.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 19.526 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 19.032 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 14.154 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 13.758 m.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 18.377 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 17.065 m.kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 14.033 m.kr. miðað við 12.775 m.kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 555 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.435 m.kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstæða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 525 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 449 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstæða A-hluta var neikvæð um 134 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 37 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 39.397 m.kr., þar af eru veltufjármunir 3.710 m.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 22.601 m.kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.320 m.kr. Veltufjárhlutfallið er 1,12 í árslok, en var 1,2 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 16.795 m.kr. í árslok sem er 43% af heildarfjármagni sem er 3% stigum hærra en árið áður.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.188 m.kr. og handbært fé frá rekstri 2.274 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 1.202 m.kr. en fárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 1.503 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals 1.083 m.kr. Afborganir langtímalána námu 1.043 m.kr. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu. Handbært fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.822 m.kr.

Heildarlaunagreiðslur með launatengdum gjöldum hjá samstæðunni voru 10.966 m.kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.552 sem er fækkun um 4 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins ásamt lífeyrisskuldbindingum í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 56,2%. Annar rekstrarkostnaður var 31,3% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins og jöfnunarsjóður voru 590 þús. kr. á hvern íbúa en heildartekjur samtals 1.073 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2013 voru skatttekjur og jöfnunarsjóður 565 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.037 þús. kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/lymsar-fjarmalaupplýsingar/.


Ársskýrsla húsnæðisdeildar 2014

Húsnæðisdeild sér um úmsýslu félagslegra leiguíbúða Akureyrarbæjar í samræmi við reglur sem um þær gilda, greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta, ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf sem tengist húsnæðismálum.

Í árslok 2014 voru 142 aðilar á biðlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ en auk þess höfðu 15 leigjendur óskað eftir flutningi innan kerfis í hentugra húsnæði. Í árslok 2014 voru 270 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar auk þess sem íbúðir eru leigðar af öðrum og eru flestar framleigðar til fatlaðra sem þurfa sértækt húsnæði. Ein 2ja herbergja íbúð var keypt á Akureyri á árinu. Umsóknir um leiguíbúð á árinu voru 141 en voru 193 árið 2013 og 179 árið 2012. Voru 109 þeirra samþykktar en 32 hafnað þar sem skilyrði voru ekki

uppfyllt eða umbeðin gögn bárust ekki. Umsóknir voru umtalsvert færri á árinu 2014 en árin á undan en biðtími hefur þrútt fyrir það lítið styst. Úthlutanir voru 53 á árinu en 14 höfnuðu úthlutun og féllu út af lista eða fóru aftast á hann. Á árinu 2013 fengu 76 úthlutun en 21 umsækjandi hafnaði úthlutun. Leigjendaskipti voru þannig færri árið 2014 en 2013 og er ástæða þess að biðtíminn hefur ekki styst.

Um áramótin 2014/2015 fengu 53 (37%) af þeim 142 sem eru á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð greiddar sérstakar húsaleigubætur. Skilyrði þess að fá slíkar bætur eru þau sömu og uppfylla þarf til að eiga rétt á félagslegri leiguíbúð hjá Akureyrarbæ auk þess að hafa átt lögheimili í sveitarfélaginu 12 mánuði á



undan umsóknarmánuði.

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 305,5 milljónum á árinu 2014 á móti 284,7 milljónum á árinu 2013 og er það 7,3% aukning á milli ára. Fjöldi bótaþega stendur í stað; voru 1.101 í lok árs 2014 en 1.105 árið 2013.

Heildarfjöldi þeirra sem fengu húsaleigubætur á árinu var 1.341 en var árið áður 1.308.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2014 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	68	24	163	69	47	371
Atvinnulaus	11	3	34	9	23	80
Öryrkjar	19	10	73	84	124	310
Ellilífeyrisþegar	0	10	0	20	12	42
Heimavinnandi	1	0	1	0	0	2
Nemar	25	45	36	107	83	296
Samtals	124	92	307	289	289	1.101

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leigja á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar ásamt því að hafa átt lögheimili á Akureyri síðastliðna 12 mánuði.

Á árinu 2014 voru greiddar 63,6 milljónir til að meðaltali 398 einstaklinga á mánuði en þessi upphæð nam 39,7 millj. árið 2013. Aukning á milli ára er 60,4% og fjölgun bótaþega er 68,6% á milli ára, voru að meðaltali 236 árið 2013. Meðaltal bótaupphæðar var tæpar 13.317 kr á mánuði á hvern umsækjanda. Samtals fengu 482 einstaklingar sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.

Fjölskyldudeild

Á árinu 2014 var hefðbundin starfsemi á fjölskyldudeild. Helstu nýjungar voru af tvennum toga. Annars vegar tók úrræðið Askjan fjölskyldustuðningur til starfa 1. október en það er þjónusta sem er veitt inn á heimili, ætluð barnafjölskyldum. Undir merkjum Öskjunnar voru sameinuð þrjú úrræði; tilsjón, ADHD ráðgjafinn heim





og Stuðningurinn heim sem hafði verið þróunarverkefni sl. tvö ár og var talið skila góðum árangri. Ráðnir voru tveir starfsmenn í 50 % störf, einn starfsmaður úr félagsþjónustunni tók að sér umsjón með verkefninu og síðan var skipaður vinnuhópur, Öskjuteymið, til að sjá um inntöku í úrræðið og fleira. Úrræðið fer vel af stað og það sýnir sig að þörfin er mikil.

Ákveðið var að styrkja skrifstofuna með því að bæta við hálfu starfi móttökuritarar. Þannig var skrifstofueiningin eflað og telur nú þrjá starfsmenn í stað tveggja áður.

Á árinu rann út samstarfssamningur við Barnaverndarstofu um PMTO-meðferð fyrir fjölskyldur unglinga með hegðunarerfiðleika og fjölskyldur þeirra. Þetta samstarf hafði þá staðið í fjögur ár og árangur af því góður að mati barnaverndar og 12-16 fjölskyldur höfðu notið úrræðisins árlega. Ekki náðist samkomulag um áframhald verkefnisins þar sem Barnaverndarstofa dró framlag sitt til baka og lauk samstarfinu því í ágústlok. Við árslok er til athugunar að bjóða samskonar MST-meðferð sem úrræði fyrir fjölskyldur unglinga með alvarlega hegðunar- og aðlögunarerfiðleika. Sérfræðingar af hálfu Barnaverndarstofu munu þá sinna þeirri meðferð í samráði við barnaverndarstarfsmenn á svæðinu.

Á árinu fór fram viðamikil fræðsla um einhverfu í leik- og grunnskólum en þrír stafsmenn deildarinnar hafa sérhæft sig í málefnum. Samvinna var við Þroskahjálp og SÁÁ um fræðslu fyrir fötluð ungmenni um vímuefni og starfsfólk fór á námskeið til að afla sér réttinda til að halda námskeiðið Klókir krakkar. Gledinefnd ársins skipulagði uppákomur og samveru utan vinnu en þar stóð hæst heimsókn í Skagafjörð þar sem félags- og skólþjónusta Skagfirðinga tók á móti hópnum.

Í barnavernd var unnið með 315 börn í 232 fjölskyldum. Barnaverndartilkynningar voru hins vegar 368 sem er fækkun frá fyrra ári (399). Meðalaldur barna sem tilkynnt er um fer lækkaði og var á síðasta ári átta ár og einn mánuður. Algengasta ástæða tilkynningar var eins og árið áður vanræksla, eða 184 tilkynningar. Í 96 tilvikum var tilkynnt um ofbeldi gegn barni en 83 tilkynningar bárust vegna áhættuhegðunar barns en í þeim flokki er veruleg fækkun frá fyrra ári (111). Þá bárust fimm tilkynningar um að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu. Flestar tilkynningar komu frá lögreglu eða 79 sem er þó mikil fækkun frá fyrra ári (129). Tvö börn voru á árinu vistuð á Stuðlum til greiningar og meðferðar, auk þess sem einn unglingur fór í langtíma meðferð. Í lok árs voru 11 börn í varanlegu föstri, sex í tímabundnu föstri og fimm í annars konar vistun á vegum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Þróun fjárhagsaðstoðar hefur á síðustu 5–6 árum verið sú að útgjöld aukast hlutfallslega meira en sem nemur fjölgun styrkþega. Hækkun útgjalda til fjárhagsaðstoðar á milli árunna 2013–2014 varð 7.12 % og hefur ekki verið minni frá 2009. Þeim sem fengu aðstoð fjölgaði lítillega og voru 425 á árinu 2014 eða 2.34 % af íbúafjölda bæjarins. Heildarútgjöld voru 152.034.439 kr. Meðaltalsupphæð á skjólstæðing var 355.221 kr. en fjöldi

sambýktra umsókna var 1.456. Hlutfall ungs fólks, 25 ára og yngra, af heildarfjölda er hærra nú en áður og var 40 % á árinu. Ef horft er til fjölskyldugerðar voru einhleypir karlar stærsti hópurinn eins og á síðasta ári eða 38 % en einstæðar mæður koma þar á eftir og voru 25 % af heildarfjölda. Einhleypir eru núna 61 % samtals en einstæðir foreldrar samtals 27 %. Hvað atvinnustöðu varðar þá voru um 20 % af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu atvinnulausir án bótaréttar, 15 % eru sjúklingar og 19 % öryrkjar.

Sérfræðipjónusta leik- og grunnskóla veitir börnum í grunn- og leikskólum og fjölskyldum þeirra þjónustu, auk ráðgjafar til starfsfólks skólanna. Skólaárið 2013/2014 voru 1.173 börn í 17 leikskólum á þjónustusvæðinu en 2.972 börn í 14 grunnskólum. Heildarmálafjöldi úr grunnskólum var 590 mál sem skiptust þannig að 529 mál komu úr skólum á Akureyri en 61 mál kom úr skólum utan Akureyrar. Málafjöldinn úr leikskólum var 184 sem skiptist þannig að 167 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 17 frá leikskólum utan Akureyrar. Umталsverð teymisvinna fer fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu var 31 barn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði en alls voru veittir 852 sólarhringar í þessa þjónustu. Breyting frá fyrra ári felst í því að sami fjöldi barna fær meiri þjónustu sem nemur 44 sólarhringum. Í árslok voru sjö börn á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu. Alls fóru 46 einstaklingar í vinnu á almennan vinnumarkað í gegnum atvinnu með stuðningi. Á árinu voru gerðir 46 nýir vinnusamningar öryrkja en 129 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 29 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Í Skógarlundi (miðstöð virkni og hæfingar) nutu 49 einstaklingar þjónustu stofnunarinnar á árinu sem er fækkun um tvo frá árinu áður en fjöldi klukkustunda jókst lítillega. Notendur eru breiður hópur sé horft til þjónustubarfa og aldurs. Flestir eru með þroskahömlun en aðrir eru með seinni tíma heilaskaða, einhverfu, dauðblindu og fleiri þroskaraskanir.

Árið 2014 gekk vel varðandi verkefni og afkomu á Plastiðjunni Bjargi/Íðjúlundi (PBI). Helstu breytingar voru þær að nýr forstöðumaður var ráðinn til eins árs auk þess sem nýr rekstrarstjóri réðst einnig að stofnuninni á sama tíma. Eins og undanfarin ár hefur verið aukning á sölu raflagnaefnis og stöðug aukning hefur verið í sölu dýfðra kerta í mjög góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber sem sér um dreifingu þeirra. Ennfremur hefur verið aukning í söfnun á kertastubbum og öðru vaxi til útikertagerðar sem er grundvöllur þess að viðhalda stöðugri framleiðslu og sölu á útikertum. Einnig er aukning á sölu búfjármerkja sem prentuð eru á PBI. Á árinu voru 37 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun en í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 24 einstaklingar.

Heinlætismál

Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur aukist lítillega á milli ára. Almennt sorp sem fer í urðun á Sölvabakka var rúmlega 133 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2014 og hafði því aukist um rúm 6%. Endurvinnsluefni af grenndarstöðvunum er svipað og áður og var rétt um 64 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2014. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu minnkaði hinsvegar aftur á milli ára og nú um ríflega 7% og var rúmlega 63 tonn á árinu 2014.

Áætlun ársins 2014 gerði ráð fyrir að tekjur vegna sorphreinsunar- og förgunargjalda yrðu 207,0 m.kr. Kostnaður við sorphreinsun, gámvöll og sorpeyðingu var samanlagt um 248,5 m.kr. Hlutfall gjalda var því um 83% á síðasta ári og hafði hækkað um 7% á milli ára.

Ár	Tekjur	Sorphirða	Gámvöllur	Sorpeyðing	Rekstrarkostnaður	Hlutfall
2012	-169,3	111,4	64,4	34,5	210,3	81%
2013	-187,2	106,4	36,1	104,4	246,9	76%
2014	-206,5	113,6	34,5	100,4	248,5	83%

Samanburðartafla yfir lykiltölur árána 2012–2014 og hlutfall tekna (sorphirðugjalds) af heildarkostnaði.


Í heildarupphæðum við sorphirðu og Gámvöll árið 2012 er meðtaldur eyðingarkostnaður en hann er færður alfarið undir sorpeyðingu árin 2013 og 2014. Hækkun rekstrarkostnaðar milli árána 2012 og 2013 er vegna mikillar hækkunar á vísitölu sorphirðusamnings.

Hækkun á milli árána 2013 og 2014 var um 10% á sorphirðugjöldunum og en tæplega 1% á rekstrarkostnaði.


Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Gjald	22.000	22.000	23.100	25.400	27.900	37.200
Hlutfall	86%	77%	80%	76%	83%	97%

Samanburður á sorphirðugjaldi árána 2010-2015 og hlutfall af heildarkostnaði.

Við fjárhagsáætlun ársins 2014 voru gerðar tillögur um sparnaðartillögur sem gengu út frá að kostnaður myndi lækka á gámvelli vegna notkunar á klippikortum. Áætlað var að kortin myndu lækka kostnað um allt að 20 m.kr. Auk þess átti gjaldtaka á fyrirtæki í Hrísey og Grímsey að skila lækkan kostnaðar um 5–8 m.kr. Þessar tillögur komu ekki til framkvæmda.



Eyðingarkostnaður sorps árið 2014



Línurit sem sýnir kostnað við eyðingu á lífrænum heimilisúrgangi, almennu húsasorpi og síðan úrgang frá gámvelli auk annars eyðingar-kostnaðar.

Gatnakerfið

Stærsta verkefni ársins 2014 vegna nýbygginga gatna var áframhaldandi vinna við Borgarbraut til norðurs við Merkigil og að Bröttusíðu en þar var framkvæmdum frestað vegna mikils jaðrsigs. Einnig var gerð ný gata í Naustahverfi sem heitir Jaðarstún. Unnið var að frágangi opinna svæða og hliðarsvæða í Naustahverfi, auk annarra smærri verkefna.

Helstu verkefni við endurbýggingu gatna var að endunýja klæðingu á öllum götum í Grímsey.

Í malbikun var lokið við að leggja á Borgarbraut og Bröttusíðu, seinna malbikslag lagt á Miðhúsabrut auk malbikunar vegaxla, tenging Jaðarstún við Kjarnagötu var malbikuð, ný tenging við Sunnuhvoll ásamt beygju við Háteig.

Lokið var við malbikun á göngu- og hjólastíg 1,9 km meðfram Drottningarbraut frá gatnamótum Miðhúsabrautar að Torfunesbryggju. Malbikaðir voru stígar samhliða malbikun Borgarbrautar, alls um 0,7 km. Í umhverfisátakinu var malbikaður stígur meðfram Glerá frá Krossanesbraut að Sandgerðisbót alls um 0,5 km. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Alls var lagt malbik á um 5,0 km af stígum og gangstéttum.

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólayfirvöld og nemendur. Sett voru upp ný umferðarljós á gatnamót Glerárgötu og Borgarbrautar fyrir hönd Vegagerðarinnar. Um er að ræða nýja kynslóð svokallaðra LED ljósa, auk þess sem unnið var að smá endurbótum víðs vegar um bæinn í umferðaröryggismálum. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvornig tekist hefur til með lækkan á hámarkshraða.

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 206 m.kr. í rekstur auk 100 m.kr. í sérstakt umhverfisátak. Lystigarðurinn var rekin með hefðbundnum hætti á árinu og tekið var í notkun nýtt svið þar sem ýmskonar uppákomur geta farið fram. Akureyrarbær sá alfarið um viðhald og umhirðu grænna svæða svo sem grasslött, gróðursetningar og trjá- og runnaklippingar á árinu. Bæði á Akureyri og í Hrísey var baráttunni haldið áfram við útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu. Í ræktunarskóð bæjarins voru ræktuð um 42.000 sumarblóm sem gróðursett voru víðs vegar um bæjarlandið. Þá voru í ræktun stöðvarinnar bæði trjá- og runnaplöntur af ýmsum tegundum sem plantað var í bæjarlandið ásamt töluverðu magni skógarplantna sem plantað var í Græna trefilinn norðan Glerár. Matjurtagarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarskóðina og er aðsókn bæjarbúa í garðland enn það mikið að ekki er hægt að verða við óskum allra. Einnig er íbúum Hríseyjar og Grímseyjar boðið upp á matjurtagarða og er ásókn í þá góð. Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskóðanir framkvæmdar á þeim en aðalskóðun verður gerð á árinu 2015.

Vinnuskólinn og sumarvinna með stuðningi var rekin með sama sniði og árið 2013 en 479 unglingar á aldrinum 14–16 ára mættu til starfa sem er svipaður fjöldi og árið áður. Fræðsla unglinganna nam um það bil 16% af heildarvinnutíma þeirra.

Sumarvinna með stuðningi var einnig rekin með sama sniði og árið 2013 og mættu til starfa 89 einstaklingar sem er töluverð fjölgun frá árinu 2013.

Rekstur meindýra- og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra.

Dýraeftirlitið annast ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, refum og minkum. Jarðeignir og búfjáreftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgírðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Jarðeignir halda utan um útgáfu búfjárleyfa.

Verkefni umhverfisáttaks voru mjög fjölbreytt líkt og undanfarin ár. Hverfisnefndirnar fengu úthlutað 2 m.kr. og hverfisráðin í eyjunum 1 m.kr. og var þessum fjármunum ráðstafað til hinna ýmsu verkefna svo sem frísbíggjafalla, merkinga eldri húsa, grillaðstöðu, útkenndustofu, stígagerðar, kaupa á götugögnum, útleiktækja o.fl. Meðal annarra verkefna áttaksins voru endurgerð leiksvæða við Kambsmýrarvöll, Hlíðarvöll og Suðurbyggðarvöll sem mun ljúka á árinu 2015. Þá var unnið áfram að hverfisvöllunum við Merkigil og Ljómátún. Súluþlæðspum var plantað í umferðareyju við Glerárgötu og munu þær vonandi í framtíðinni setja fallegan svip á bæinn. Útplöntun í græna trefillinn var haldið áfram á haustdögum, rusladöllum og bekkjum var fjölgað, bifreiðastæði var gert sunnan til í Kjarnaskógi í tengslum við strandblakvellinga og nýtt grill og leiksvæði sem klárað verður á árinu 2015. Hjólreiða/ torfærubraut (pumptrack) var gerð á svæðinu austan Glerár þar sem steypustöð var forðum. Þá var unnið að gerð hjólreiðaslóða frá Hlíðarfjalli til Kjarnaskógar, yfirborðsfrágangi við Glerástíg o.fl. Miklar lagfæringar voru gerðar á gönguleiðum í Hrísey, sett upp lýsing á hundasvæði við Borgir og sett voru upp fræðsluskilti í fólkvangnum í Krossanesborgum.

Fráveita Akureyrar

Fráveita Akureyrar var seld til Norðurorku um áramótin 2013/2014.

Strætisvagnar Akureyrar

Leiðakerfi strætó var óbreytt janúar til maí en mánuðina júní, júlí og ágúst var leið 2 felld niður þar sem ekki fengust nógu margir bílstjórnar til sumarflæysinga. Í september var aftur farið að keyra leið 2 og þá varð tímabreyting á leið 3. Byrjað var 1 klst. fyrr og biðtími á endastöð fluttur til svo bein tenging varð frá Naustahverfi yfir í Glerárhverfi.

Farþegar með strætisvögnum voru um 400.000 og eknir voru 249.000 km.

Nýr 14 sæta ferlibíll var tekinn í notkun í september. Bíllinn gengur fyrir metangasi og er án mengunar. Nú eru 2 metanbílar hjá ferliþjónustunni en 5 bílar eru í akstri og stefnt er að því á næstu árum að allir bílar ferliþjónustunnar brenni metangasi.

Heilsugæslustöðin

Rekstur heilsugæslustöðvarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Mannahald var svipað nema hvað fleiri læknanemar og nýútskrifaðir læknar voru að störfum á árinu til að fylla upp í fækkun sérmenntaðra heilsugæslulækna. Heimahjúkrun gekk vel og reynt var að mæta sífellt fleiri óskum um hana eins og mannaflí leyfði hverju sinni.

Ekki náðust samningar við ríkið um fjármagn til reksturs heilsugæslustöðvarinnar á árinu og því rak Akureyrarbær hana á kostnað heilbrigðisráðuneytisins. Ný stofnun, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, tók yfir stjórnun stöðvarinnar 1. október 2014.

Á árinu 2015 er unnið að uppgjöri rekstrarins við ráðuneytið.

Samfélags- og mannréttindadeild

Samfélags- og mannréttindadeild hefur umsjón með rekstri félags- og tómsundamiðstöðva á vegum bæjarins og annast samskipti við félög sem starfa á því sviði, yfirstjórn íþróttamannvirkja og samskipti við íþróttafélög og samtök á því sviði. Deildin sér einnig um forvarnarmál, málefni ungs fólks, málefni nýbúa, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum. Tvö pólitísk ráð fara með yfirstjórn deildarinnar: Samfélags- og mannréttindaráð fer með æskulýðs-, tómsunda-, forvarna- og mannréttindamál en íþróttaráð með íþróttamál. Miðstöð deildarinnar er í Rósenborg – sem áður var Barnaskóli Akureyrar.

Æskulýðs- og tómsundamál

Meðal lykilþátta í starfi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglinga eru opin hús, kennsla í félagsmálafræði, opið klubbstarf og sértækt klubbstarf. Sem dæmi um sértækt klubbstarf má nefnd „Tóta-hópana“ þar sem markvisst er unnið að því að draga úr óhóflegri tölvunotkun. Á árinu hófst sértækt hópastarf fyrir nemendur í 5.

og 6. bekk.

Forvarnir í viðum skilningi eru lykilinnihald í öllum starfsþáttum félagsmiðstöðvanna. Starfsfólk þeirra sér um ýmis konar fræðslu fyrir grunnskólana og Vinnuskólann með forvarnir að leiðarsljósi. Á árinu varð sú breyting að í stað sérstaks forvarnarfulltrúa var það starf flutt til umsjónarmanna félagsmiðstöðvanna haustið 2014 og fléttuð inn í starf þeirra.

Mikil samvinna er við grunnskóla og fjölskyldudeild með það að markmiði að bæta félagsþroska og líðan ungmenna.

Lykilþættir í starfsemi Ungmennahússins eru opin aðstaða, fjölbreytt klubbstarf, viðburðir, ráðgjöf og stuðningur. Aðsókn og fjölbreytni hefur verið að aukast á síðustu árum. Ef horft er á kynjahlutfall hallar heldur á kvenkynið. Aðsókn er nokkuð misjöfn eftir mánuðum en mest er hún oftast í nóvember, janúar og febrúar.

Skapandi sumarstörf eru orðin fastur liður í starfsemi Ungmennahússins en þau eru partur af atvinnuáttaki Akureyrarbæjar. Alls fengu um 200 ungmenni vinnu í sumarátakinu í aldursþópnum 17–25 ára en Ungmennahúsið heldur einnig utan um ráðningar fyrir atvinnuáttakið. Markmið skapandi sumarstarfa er að lifga upp á bæinn og samfélagið með fjölbreyttum verkefnum. Sumarið 2014 skiptust Skapandi sumarstörf fyrir 17–25 ára í þrjá hópa: Leikhóp með 9 einstaklingum, þar sem búin var til barnasýningin „Leitin að hamingjunni“, gjörningahóp með 6 einstaklingum sem var með marga fjölbreytta gjörninga og sjálfstæður listhópur með 3 einstaklingum sem tók fyrir verkalyðsbaráttu og öryggi ungra kvenna í þjónustustörfum.

Samvinna er við Vinnuálagstofnun vegna ungra atvinnuleitenda um aðstoð við gerð ferilskráa, ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit. Samstarf er við fjölskyldudeild vegna ungmenna sem hvorki eru í skóla né á vinnumarkaði. Samstarfið felst í því að bjóða upp á námskeið og tímabundinn stuðning inn á vinnustaði. Ungmennahúsið er einnig þátttakandi í Evrópuverkefni um atvinnuálag ungmenna. Þá fara einnig tveir starfsmenn í Fjölskiðjuna í hverri viku til að veita ráðgjöf þar.

Ungmennahúsið er formlega viðurkennt sem sendisamtök innan Evrópsku sjálfboðaliðarþjónustunnar (EVS). Með því hefur Ungmennahúsið leyfi til að sækja um styrki til að senda ungmenni á aldrinum 17–30 ára í 2 vikna til 12 mánaða sjálfboðaliðaverkefni um alla Evrópu. Ungmennahúsið býr til samstarf við önnur samtök í Evrópu sem hafa fengið formlega viðurkenningu sem móttökusamtök EVS og aðstoðar verðandi sjálfboðaliða við að senda inn umsókn í verkefni. Einnig er Ungmennahúsið tengiliður við sjálfboðaliðann á meðan á dvöl hans erlendis stendur.

Aðstoð við ungt listafólk er eitt af markmiðum Ungmennahússins. Aðstaða er í boði fyrir hljómsveitir sem vilja æfa sína tónlist sem og ágætlega vel útbúin tölva til að vinna tónlist.

Punkturinn starfaði með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða fyrir börn, unglinga og fullorðna. Í boði voru ýmis námskeið, t.d. glerbræðsla, fuglahús, mósaik, fatasaumur, konur og kollar, víravirki, töff tréskilti, tauprykk, úti er ævintýri og brjóstsykurgerð. Sjá einnig heimasíðu Punksins www.punkturinn.akureyri.is. Konur voru í meirihluta þeirra sem heimsóttu Punktinn en komum karla hefur fjölgað. Börn og unglingar sem komu á tómsundanámskeið voru 2.992 en fjöldi annarra sem sótti tómsunda- og félagsstarfs á vegum samfélags- og mannréttindadeilda var 19.090. Starfsár Punksins samfest með opnu húsi þar sem öllum bæjarbúum er boðið að koma og kynna sér starfsemina.

Vegna sparnaðar þurfti að grípa til sumarlokunar í fyrsta sinn á árinu. Lokað var alveg í júlí og ágúst og hefur það áhrif á tölur um heimsóknir.

Bæjarráð samþykkti tillögu félagsmálaráðs um að stjórn félagsstarfs eldri borgara í Viðilundi og Bugðusiðu færðist frá búsetudeild til samfélags- og mannréttindadeilda frá og með 1. júní 2014. Hugmyndin með sameiningu var að auka samstarf og samlegð milli einstakra starfsstöðva.

Þjónustu- og félagsmiðstöðvar eldri borgara eru tvær; í Viðilundi 22 og Bugðusiðu 1. Starfsemin er mjög fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð þar sem sitja 10 fulltrúar þeirra sem sækja tómsunda- og félagsstarfið. Mikið og gott samstarf er við félag eldri borgara. Félagið hefur skrifstofuáðstöðu og fundarherbergi í Bugðusiðu 1.

Nokkuð jöfn aðsókn er á staðina og að meðaltali sækja hvora



félagsmiðstöð 150-200 manns á dag, lesa blöðin, fá sér kaffisopa, koma í leikfimi eða á námskeið í ýms konar handverki eða bara til að spjalla og fá félagsskap.

Borablot eru haldin í Víðilundi og Bugðusíðu og eru mjög vel sótt. Ýmsar aðrar skemmtanir eru haldnar í félagsmiðstöðvunum, spilavist, brídds, dansiball og aðventuhátíð. Handverkssýning er á hverju vori og er vel sótt af íbúum bæjarins.

Samstarf eldri borgara og nemenda Síðuskóla hélt áfram öllum til mikillar ánægju. Nemendur Síðuskóla tóku þátt í starfinu með eldri borgurum, t.d. stjórnuðu þeir bíngó og spilum.

Samfélags- og mannréttindaráð veitti í maí viðurkenningar fyrir framúrskarandi æskulýðs- og tómstundasatfar. Þrír einstaklingar og tvö verkefni fengu þessa viðurkenningu.

Íþróttamál

Heimsóknir	2012	2013	2014
Félagsmiðstöðvar	19.500	20.000	21.800
Ungmenna-Húsið	15.000	15.000	16.000
Punkturinn, fullorðnir	14.000	20.000	19.000
Punkturinn, börn	1.200	2.800	3.000

Á árinu var tekin í notkun rafræn umsýsla með frístundastyrk Akureyrarbæjar til barna á aldrinum sex til þrettán ára. Nýting frístundastyrksins var rúm 67% árið 2014. Dreifing á nýtingu styrkja eftir kyni er misjöfn milli félaga/fyrirtækja en í heildina er nýting milli kynja jöfn.

Á árinu var gerð mikil og góð endurnýjun á áhöldum og búnaði í Íþróttahúsi Lundaskóla, Íþróttahöllinni og Íþróttamiðstöð Glerárskóla í samstarfi við Fasteignir Akureyrarbæjar. Gerður var samningur við Nökkva félag siglingarmanna um uppbyggingu á svæði félagsins við Drottningarbraut. Einnig var gengið frá lokum uppbyggingarsamnings við Golfklúbb Akureyrar. Íþróttamannvirki bæjarins eru sex íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reiðhöll, skautahöll og tvær stúkubyggingar. Að auki tekur bærinn þátt í rekstri knattspyrnugrasvalla, golfvallar, aksturssvæðis, sparkvalla og hjólabrettasvæða.

Stærstu kostnaðarliðir íþróttamála eru húsaleiga til Fasteigna Akureyrarbæjar sem var 707 milljónir á árinu og styrkir í formi húsaleigu til aðildarféлага ÍBA sem námu 262 milljónum. Lausafjárleiga og leiga til eignarsjóðs var 77 milljónir á árinu.

Aðildarfélag ÍBA standa fyrir og koma að mörgum og fjölbreyttum íþróttaviðburðum á hverju ári í íþróttamannvirkjum bæjarins og var einn sá stærsti í maí þegar öldungablakmót fór

fram á Akureyri. Auk þess fara margvíslegir viðburðir ótengdir íþróttastarfsemi fram þar, s.s. tónleikar, listasýningar, veislur, ráðstefnur og fundir. Árhátið Akureyrarbæjar fór fram í Íþróttahöllinni 22. mars. ÍBA varð 70 ára 20. desember.

Árið 2014 var gott í Hlíðarfjalli og voru snjóalög með betra móti allt frá byrjun vetrar. Ferðafólk nýtti vetrarfrí í skólum til að heimsækja Hlíðarfjall og almennt var aðsókn góð en þó var aðsóknin undir meðallagi yfir páska vegna slæmra veðurskilda. Fjölmargir viðburðir voru á árinu: Helst ber að nefna Skíðalandsmót Íslands, World Snow day, Eljagang, Telemark hátíð, Iceland Winter Games, Íslandsgönguna og Andrésar Andar leikana. Grunnskólar bæjarins komu í sína árlegu útivistardaga.

Hlíðarfjall

Gestir	65.034
Skíðaleigudagar	2.704
Skíðaskóli	2.592
Seld vetrarkort	1.157

Heimsóknir í íþróttamannvirki

	2014	2013	2012	2011
Hlíðarfjall	65.034	75.714	60.435	64.457
Íþróttamiðstöðin Giljaskóla	114.000	112.000	100.000	80.000
Íþróttahús Glerárskóla	114.000	114.000	102.000	112.000
Íþróttahús Laugargötu	17.126	19.272	21.200	19.500
Íþróttahöllin	320.000	320.000	310.000	300.000
Íþróttamiðstöðin í Hrísey	12.423	13.198	10.500	12.500
Íþróttahús Síðuskóla	100.000	100.000	100.000	100.000
Sundlaug Akureyrar	362.536	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	62.000	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.960	1.466	2.200	2.000

Samningar voru endurnýjaðir við Golfklúbb Akureyrar, Skautafélag Akureyrar og Hestamannafélagið Létti um rekstur og umsjón íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar á félagssvæðum þeirra. Níu aðildarfélag ÍBA voru með virkan samning við Akureyrarbæ á árinu auk Íþróttabandalags Akureyrar. Íþróttaráð veitti rekstrarstyrki í formi eingreiðslu til ellefu aðildarféлага ÍBA árið 2014. Íþróttaráð veitti fjórum kvennadeildum aðildarféлага ÍBA rekstrarstyrki á árinu. Alls veitti Íþróttaráð styrki og framlög fyrir um 210 milljónir á árinu.

Viðurkenningar fyrir mikið og gott starf í þágu íþróttastarfs á Akureyri voru veittar í upphafi árs 2014 til fimm einstaklinga. Alls urðu 200 einstaklingar úr röðum aðildarféлага ÍBA Íslandsmeistarar á árinu og hlutu aðildarfélagin viðurkenningu Íþróttaráðs fyrir þann góða árangur í upphafi árs 2015 sem og ellefu íþróttafélög sem fengu styrk vegna alls 118 landsliðsmanna



árið 2014. Ekki var veitt fé úr Afrekssjóði Akureyrar árið 2014 vegna fjáðskorts.

Ár	Íslandsmeistarar ÍBA aðildarfélagi	Landsliðsmenn ÍBA aðildarfélagi
2014	200	118
2013	144	102
2012	224	107
2011	162	96

Alþjóðastofa

Starf alþjóðastofu byggist á upplýsingaþjónustu til fólks sem er af erlendu bergi brotið og ráðgjöf um ýmis málefni, s.s. skólamál, félagsþjónustu, skattamál, tryggingar, heilbrigðisþjónustu, íslenskunámskeið og dvalar- og atvinnuleyfi. Stofan sér um miðlun tülka, tekur þátt í rannsóknunum og veitir fræðslu. Auk þess hvetur hún til, styður og tekur þátt í margvíslegri starfsemi. Má þar nefna starf fjölmenningarráðs, alþjóðlegt konukaffi, pólskan og kínverskan helgarskóla fyrir börn, „lesa–, þrjána- og tala saman á íslensku klúbb“ o.fl. Skrifstofa og þjónustumiðstöð Alþjóðastofu er á 1. hæð í Ráðhúsi Akureyrarbæjar og heimasíðan er www.astofan.akureyri.is.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóða-úthlutunar, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Sýn skipulagsnefndar og meginmarkmið á kjörtímabilinu byggir á leiðarljósi gildandi aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykkttra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnsýslu. Skipulagsnefnd vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfssemi og fjölbreyttan samgöngumáta. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 24 fundi á árinu 2014 og tók til umfjöllunar 278 mál. Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 48

afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 466 mál.

Helstu skipulagsverkefni lokið 2014:

- Miðbær 2. áfangi, deiliskipulag Skipagötureits og nágrennis
- 3. áfangi Naustahverfis – Hagahverfi
- Jaðarstún – deiliskipulag
- Glerárdalur, fólkvangur
- Virkjun á Glerárdal – deiliskipulag

Skipulagsverkefni í vinnslu 2014:

- **Norður- Brekka deiliskipulag**
Vinna við deiliskipulag Norður-Brekku er á lokastigi og er gert ráð fyrir að tillagan verði auglýst í byrjun árs 2015. Tillaga gerir m.a. ráð fyrir þéttingu byggðar á völdum stöðum í hverfinu og nánari skilgreiningu á umferðar- og göngustígumálum hverfisins.
- **Oddeyrin – deiliskipulag, undirbúningsvinna**
Undirbúningsvinna vegna rammaskipulags Oddeyrar var unnin 2014 og er gert ráð fyrir að deiliskipulagsvinna alls svæðisins fari fram á árinu 2015.

Samkvæmt stefnu skipulagsnefndar er lögð áhersla á neðan-greind verkefni á kjörtímabilinu:

- Endurskoðun á aðalskipulagi Akureyrar
- Áhersla á uppbyggingu miðbæjarins
- Heildarskipulag Oddeyrarinnar og áframhaldandi deiliskipulagning hverfa bæjarins
- Frágangur útivistarsvæðis við ósa Glerár
- Tenging göngustígakerfis við þéttbýliskjarna í nágrennasveitarfélögum og við fólkvanginn á Glerárdal
- Endurskoðun á reglum um lóðarveitingar
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Endurskoðun á gjaldskrá gatnagerðargjalda
- Endurskoðun á reglum um útimarkaði og sölutjöld
- Leiða vinnu við gerð samgöngustefnu Akureyrarbæjar
- Raforkuflutningur þvert yfir Eyjafjörð taki tillit til flugöryggis, íbúabyggðar og fólkvangs á Glerárdal

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar :

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnið „þætting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og er staðan þannig í dag að til eru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Landsnet ehf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar þannig að hægt verði að ljúka við Blöndulínu 3 og áframfengingu við Kröflulínu. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleiðarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá. Skipulagsnefnd hefur lagt til að áframfengingin frá Kífsá að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2014

Íbúðarhús:

Hafin var smíði 46 íbúða (46) árið 2014. Þar af voru einbýlishús 3 (3), 5 parhús með 10 (5) íbúðum og 5 fjölbýlishús með 20 (38) íbúðum.*

Skráðar voru fullgerðar 38 (86) íbúðir á árinu, þ.e. 2 (0) einbýlishús, 5 (4) íbúðir í raðhúsum og 31 (90) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheldar og lengra komnar í byggingu 82 (83) einbýlishús, 91 (80) íbúðir í raðhúsum og 304 (228) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komnar en fokheldar í byggingu voru í árslok 12 (11) einbýlishús, 10 (16) íbúðir í raðhúsum og 184 (270) íbúðir í fjölbýlishúsum.

	Samtals	E	R	F
Hafnar framkvæmdir	33	3	10	20
Fullgert á árinu	38	2	5	31
Fokhelt á árinu	128	2	20	106
Í smíðum í árslok	683	94	101	488
Þar af í notkun	426	81	84	261

Hafnar framkvæmdir við íbúðarbyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu 4.233 m² (5.759) og 15.726 m³ (18.971).

Á árinu hélt skipulagsnefnd 24 (20) fundi og umfjallanir voru 278 (282). Skipulagsstjóri hélt 48 (48) afgreiðslufundi og voru umfjallanir 466 (430).

* Tölur í svigum eru frá árinu á undan.

Annað húsnæði:

Hafnar framkvæmdir á árinu

Grímseyjargata 3, viðbygging; Fjölnisgata 1a; Sjávargata 4, viðbyggingar; Hamrar 2, þjónustuhús; 3 frístundahús við Hrafnaland.

Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu

14 frístundahús við Hrímland; Gata mánans 4, viðbygging frístundahús; Hólmátún 2, viðbygging skóli; Fluguborg 5, viðbygging hesthús; Krossanes 4, vatnstankur og dæluhús; Hólabraut 16, viðbygging ÁTVR; Krossanes 5, olíutankur; Langholt 2, spennistöð; Öseyri 2a, verbúð; Súluvegur, metanstöðvar; Þórsstígur 4, viðbygging og breyting í bílaverkstæði; Glerárdalur, Lambi FA; Sörlaskjól 7, hesthús; Sörlaskjól 9, hesthús.

Önnur hús í byggingu á árinu


Norðurtangi 5, breyting á iðnaðarhúsi; Austurvegur 45, viðbygging frístundahús; Hólmátún 2, viðbygging skóli; Frostagata 2b, iðnaðarhús; Súluvegur 1; viðbygging MS.

Auk þess hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.


Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði

Tegund	m2	m3
Landbúnaður	0	0
Fiskiðnaður	0	0
Vörugeymslur/geymar	71	159
Vinsla búsafurða	0	0
Iðnaður	1.586	4.881
Verslun	0	0
Veitinga- og gistihús	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	43,6
Frístundahús	629	2.272
Önnur þjónustustarfsemi	0	0
Félagsleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	78	242
Samtals	2.364	7.598
Tölur frá síðasta ári	(2.930)	(12.036)

Íbúðarbyggingar eftir byggingarstigi



Íbúðarbyggingar, byrjanir eftir húsaagerð



Skóladeild

Einkunnarorð skóladeildar eru: „Í hverju barni býr fjársjóður.“

Skólarnir eru samfélög þar sem börn eru í fyrirrúmi og allt starf innan þeirra byggir á því að hver einasti nemandi skiptir máli og honum þarf að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er. Skóladeild er stjórnendum og skólasamfélaginu til stuðnings í hverjum þeim verkefnum sem skólarnir sinna eða taka sér fyrir hendur. Starfsfólk skóladeildar leggur metnað sinn í að vinna faglega, styðja við skólaþróun og hvetur til faglegra vinnubragða á öllum sviðum skólastarfs.

Ný aðalnámskrá leik- og grunnskóla

Árið 2011 kom út ný aðalnámskrá fyrir leikskóla og árið 2013 kom út síðasti hluti aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Hverjum skóla ber að gera sína eigin skólanámskrá, m.a. út frá viðmiðum í aðalnámskrá og helstu áherslum í skólastarfinu. Vinna við gerð nýrra skólanámskráa hófst í flestum skólum á árinu 2014 og lýkur á árinu 2015. Gott samstarf hefur verið við starfsfólk á miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri um vinnu við gerð skólanámskráa.

Skólahúsnæði

Á árinu 2014 fór fram mikil endurskoðun á húsakosti skólanna miðað við þarfir og framtíðarsýn. Markmiðið er að nýta skólahúsnæði sem best, fara vel með fjármagn en um leið mæta

þeim þörfum sem fyrir liggja. Þeirri vinnu er ekki lokið en gert ráð fyrir að endanleg niðurstaða liggi fyrir á árinu 2015.

Lærdómssamfélagið

Áframhald var á smíðju stjórnenda leik- og grunnskóla undir hatti lærdómssamfélagsins og fengu stjórnendur nágrannasveitarfélaga boð um að taka þátt í þeim smíðjum. Meginhlutverk lærdómssamfélagsins er að læra saman og miðla.

Megináhersla í smíðjunum síðari hluta ársins var að vinna að gerð nýrrar læsisstefnu. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Grunn- og leikskólastjórar hittust mánaðarlega á hvoru skólastigi og ræddu starfsemi skólanna. Þeir fundir nýttust vel til að ræða álitamál sem upp komu í skólastarfinu. Unnið var í anda lærdómssamfélagsins þar sem reynslu og þekkingu var miðlað og félagastuðningur í hávegum hafður.

Skólamötuneytin

Rekstur skólamötuneyta gekk vel árið 2014. Mikil og góð samvinna við skólastjórnendur og matráða skólamötuneytanna hefur skilað sameiginlegum matseðlum sem allir hafa verið greindir út frá hollustuviðmiðum Embætti landlæknis. Útboð á stærstu innaupapáttum, metnaður matráða ásamt góðu samstarfi við verkefnisstjóra í innaupum hefur einnig skilað betri rekstri.

Leikskólastarfið

Akureyrarbær rekur nú níu leikskóla á Akureyri og eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól, sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból, sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7.45–16.15. Leikskólarnir voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2014 en lokunartímabilin voru ákveðin í samráði við foreldraráð hvers skóla fyrir sig. Leikskóladeildin í Hrísey er opin frá kl. 7.45–15.00 og leikskóladeildin í Grímsey var opin í október frá kl. 8.00–14.00 fimm daga vikunnar. Deildin í Grímsey starfar frá miðjum ágúst til loka maí.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldu-aldrí. Markmið allra skóla er að bjóða upp á metnaðarfullt og öflugt skólastarf þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og nær árangri. Hver skóli setur sér sína stefnu, áherslur og markmið með leikskólastarfinu. Einnig leggur hver skóli fram sína starfsáætlun og metur innra starfið.

Í október 2014 voru um 98% barna á Akureyri á aldrinum tveggja til fimm ára, fædd 2009–2012, í leikskóla. Þá voru einnig um 21% barna fædd 2013 í leikskóla. Þetta eru börn sem fædd eru í janúar til apríl 2013. Í október voru alls 1.106 börn í leikskólunum og 982 börn voru í 7–8,5 tíma vistun og 124 börn í 4–6,5 tíma vistun. Tvítýngd börn í leikskólunum voru alls 83 í október og eru þau frá 31 þjóðlandi.

Heildarstöðugildin í leikskólunum í október voru 259,52 og alls störfuðu þá 303 starfsmenn í leikskólunum. Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum var 69,49% og hlutfall fagmenntunar í deildarstarfi var 85,52%.

Í mars 2014 var send út foreldrakönnun til allra foreldra í leikskólunum. Skólapúlsinn sá um þessa könnun og 98,3% foreldra sem svöruðu könnuninni sögðust almennt vera ánægðir með leikskólann. 91,9% foreldra taldi að barnið væri ánægð í leikskólanum og 95,14% taldi að barnið fengi hollan og góðan mat í leikskólanum.

Í byrjun árs var gerð könnun meðal starfsmanna leikskólanna um starfsálag. Meginniðurstaðan úr þessari könnun er sú að undirmönnun vegna veikinda skapar álag, fjöldi barna er of mikill og of mikill hávaði. Starfshópur vann úr niðurstöðunum úr könnuninni og lagði fram leiðir til að draga úr álagi.

Leikskólinn Kiðagil gaf út á árinu handbók um leikskólalæsi, verkefnabók. Verkefnin í bókinni leggja áherslu á vinnu með hlustun, tal, lestur og ritun.

Dagforeldrar

Dagforeldrar í Akureyrarkaupstað í lok desember 2014 voru 36 og hjá þeim dvöldu alls 152 börn. Akureyrarkaupstaður greiddi niður daggæslu fyrir 150 börn og þar af voru 124 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð og 26 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir fjögur börn þar sem báðir foreldrar voru í námi og tvö börn voru ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu. Á árinu 2014 voru sex ný

leyfi veitt til daggæslu barna í heimahúsi. Þá létu 12 dagforeldrar alveg af störfum og nokkuð var um að starfandi dagforeldrar fylltu ekki í öll laus pláss haustið 2014.

Stjórn Dagvistunar, félag dagforeldra á Akureyri, sendi inn erindi til skólaneftndar í júnímánuði þar sem hún lýsti yfir áhyggjum sínum vegna marga lausra plássna í daggæslu haustið 2014. Var óskað eftir viðræðum um endurskoðun á ákvæði í samningi við dagforeldra vegna tryggingagjalds en það átti að endurskoða að ári liðnu frá undirritun samnings sem var í september 2013. Fulltrúar skólaneftndar funduðu með dagforeldrum um málið en ekki var hægt að verða við erindinu.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 31. október og nýttu 30 dagforeldrar sér fræðsluna en boðið var upp á fræðslu um málproska og málörvun barna, mikilvægi góðrar heilsu og einnig var hópefli.


Grunnskólastarfið

Akureyrarbær rak á árinu alls níu almenna grunnskóla og einn sérskóla. Þeir voru Brekkuskóli, Naustaskóli, Lundarskóli, Giljaskóli, Síðuskóli, Glerárskóli, Oddeyrarskóli, Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli. Hlíðarskóli er sérskóli og Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli eru leik- og grunnskólar. Allir grunnskólar Akureyrarbæjar eru heildstæðir nema Grímseyjarskóli en þar fara nemendur í aðra skóla í landi eftir að hafa lokið 8. bekk. Heildstæður skóli er skóli þar sem nemendur eru í 1.–10. bekk í sama skóla.


Í skólunum fer fram metnaðarfullt og fjölbreytt starf. Ásamt því að vinna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru skólar hvattir til að sinna skólaþróun og öfluglu samstarfi, bæði innan skólanna sjálfra, milli skóla en einnig við skóla á erlendri grund. Endurmenntun starfsmanna er lykilatriði í þróun samvinnu. Síðustu misseri hefur markvisst verið unnið að því að auka tækniþúnað í skólunum og voru settar 10 milljónir króna aukalega í tölvuþúnað fyrir grunnskólana á árinu 2014.

Erlendir nemendur í leik- og grunnskólum

Haustið 2014 fengu tæplega 100 nemendur í grunnskólum Akureyrar sérstaka aðstoð í íslensku. Þar af voru 17 íslenskir nemendur sem hafa búið lengi erlendis og fá aðstoð við íslensku eftir heimkomu en aðrir eru af erlendum uppruna og hafa íslensku sem sitt annað mál. Af erlendum nemendum eru þeir fjölmennastir sem hafa pólsku að móðurmáli eða samtals 18 nemendur.



Nemendur sem fá aðstoð við íslenskunám í grunnskólum Akureyrar haustið 2014. Í leikskólunum koma 83 börn frá 31 þjóðlandi. Af þeim hafa flest pólsku sem móðurmál eða 19 börn.



83 nemendur leikskólanna koma frá 31 þjóðlandi.



Mikilvægt er að erlendir foreldrar geti fengið upplýsingar um skóla barna sinna á móðurmáli sínu. Nú er hægt að nálgast slíkar upplýsingar um leikskólana á ensku, pólsku og þýsku, rafrænt á heimasíðu skóladeildar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/leikskolar>.

Þríbrotnir bæklingar með grunnupplýsingum um leikskóla, s.s. umsóknir, leikskólagjöld, foreldrasamstarf o.fl. hafa verið prentaðir á íslensku, ensku, pólsku og þýsku.

Fyrir foreldra grunnskólabarna voru teknar saman upplýsingar um Byrjendalæsi á ensku, pólsku, þýsku og lettnesku, <http://akmennt.is/erlendir/Byrjendalæsi.htm>, þar sem áhersla er lögð á hvernig foreldrar geta tekið þátt í lestrarnámi barna sinna.

Mikilvægt er fyrir erlenda nemendur að öðlast faglegan orðaforða námsgreina á íslensku og lögð var áhersla á aðlögun námsefnis fyrir nemendur á unglingastigi, bæði í líffræði og sögu.

Kennarar leik- og grunnskóla fá sent fréttabréf um nám og kennslu erlendra nemenda nær mánaðarlega frá skóladeild, auk þess sem heimasíðan <http://akmennt.is/erlendir/> geymir ýmsar gagnlegar upplýsingar sem nýtast kennurum í starfi þeirra með erlendum nemendum.

Tónlistarskólinn

Skólastarf ársins 2014 mótaðist að venju af nokkrum stórum verkefnum sem ráðist var í og voru tónleikagestir margfalt fleiri heldur en árið á undan. Áfangapróf voru 73 á árinu og útskriftarnemar voru tíu, þar af sjö í klassískum söng, einn í klassískum píanóleik og tveir í klassískum flautuleik.

Meðal stærri verkefna á árinu má nefna samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á nokkrum tónleikum. Margir nemendur tóku þátt í glæsilegum stórtónleikum á skírdag þar sem 6. sinfónía Mahlers var flutt og einnig léku þónokkrir nemendur á tónleikum hljómsveitarinnar og Eyvarar Pálsdóttir þann 15. febrúar. Einna hæst bar þó samstarfsverkefni TA, Pollapönks og SN þar sem á þriðja hundrað nemendur skólans komu fram og rokkðu gegn fordómum en eins og alkunnugt er voru Pollapönkarar fulltrúar Íslands í Eurovision söngvakeppinni á árinu 2014. Um 2.500 áheyrendur nutu þessara samstarfstónleika.

Auk þessa sóttu 4-5.000 manns aðra nemendatónleika á árinu en meðal annarra stórra verkefna má nefna Óperublót klassísku söngdeildarinnar, hljómsveitarjólátónleika í Hamraborg, söngleikinn „The Commitments“ sem ritmíska deildin setti upp við góðar undirtektir, masterclass með Trio Krakowia, Sunnu Gunnlaugsdóttur og Sigurði Flosasyni auk árlegrar píanóhelgar.

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í febrúar og komu um 900 manns í Hof þann dag á sýninguna „Tímaflakk tónlistar“. Sýningin rakti sögu tónlistar í máli og myndum með undirleik nemenda skólans. Alls tóku um 300 nemendur þátt í sýningunni.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna var haldin hátíðleg á svæðisvísu í Hamraborg þann 15. mars og á landsvísu í Eldborgarsal Hörpu þann 23. mars. Sópuðu nemendur tónlistarskólans að sér viðurkenningum á svæðisbundnu hátíðinni.

Vorið 2014 hlaut Michael Clarke viðurkenningu skólaneftdar fyrir framúrskarandi ævistarf en Michael hefur verið starfandi við skólann síðan 1971 og hefur skilað af sér gríðarmiklu og góðu starfi í þágu tónlistar og tónlistarmenntunar á svæðinu.

Deildirnar héldu sína hefðbundnu vortónleika ásamt tónleikum útskriftarnema sem léku svo að venju fyrir fullum sal í Hamraborg á skólaslitum þann 4. júní.

Nemendur voru 404 í skólabyrjun 2013, 378 á áfangabraut og 26 í forskóla. Alls bárust um 520 umsóknir og voru því um 120 nemendur á biðlista. Hefðbundið skólastarf fór vel af stað á árinu með tónleikum og skólasetningu í þéttsetinni Hamraborg þann 2. september.

Þegar liðið var fram í október varð ljóst að yfirvofandi verkfall tónlistarskólakennara yrði að veruleika. Verfallið hafði viðtæk og djúpstæð áhrif á skólastarfið og kom t.a.m. í veg fyrir óperuuppsetningu sem til stóð að setja á svið. Skólastarfið leið vissulega fyrir verkfallið og var töluvert um að nemendur helltust úr lestinni í lok annar þrátt fyrir hvatningu kennara sinna um að halda áfram að verkfalli loknu. Neikvæðra áhrifa verkfallsins gætti einnig á vorönn ársins 2015 og þá sérstaklega meðal nemenda sem hugðust taka námsgráður á efri stigum.

Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeldismála fór 4,7% fram úr áætlun árið 2014 eða um 241 m.kr. Rekstur leikskóla og dagvistunar fór 5,8% fram úr áætlun, þá fór rekstur grunnskóla 4,4% fram úr áætlun en rekstur Tónlistarskólans var um 3,7% innan áætlunar eða um 7,5 m.kr. Í ofangreindum tölum er ekki tekið tillit til áhrifa kjarasamninga sem skýra um 237 m.kr. í aukinn launakostnað. Rekstur fræðslu- og uppeldismála verður þá aðeins 0,1% fram úr áætlun eða um 4 m.kr. Rekstur leikskóla og dagvistunar fer 2,2% fram úr áætlun eða um 36 m.kr. og grunnskólanir verða um 1% innan áætlunar eða um 35 m.kr.

Helstu skýringar á neikvæðri stöðu í rekstri leikskóla eru mikil langtímaveikindi, áhrif kjarasamninga á greiðslur til einkareknu leikskólanna, á aðkeyptri ræstingu o.fl.

Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Leikskólar	1.048	1.061	1.046	1.084	1.096	1.105	1.091	1.106
Grunnskólar	2.589	2.620	2.593	2.599	2.610	2.624	2.635	2.583
Heildarfjöldi	3.637	3.681	3.639	3.683	3.706	3.729	3.726	3.689



Veikindi og álag í skólum


Á árinu 2014 var unnið áfram að greiningu á álags- og veikindapáttum starfsmanna í leik- og grunnskólum (sjá ársskýslu 2013) en milli ára 2013 og 2014 fjölgaði veikindadögum starfsmanna í leikskólum um tæplega 30%. Aukning í grunnskólum var mun minni eða um 4%. Til að bregðast við þessu var m.a. aukin afleysing á leikskólum frá hausti 2014 og skráning á veikindum gerð með markvissari hætti í þeim tilgangi að reyna að greina ástæður vaxandi álags og veikinda starfsmanna. Umbótaáætlun vegna veikinda heldur áfram á árinu 2015. Eins og sést á meðfylgjandi myndum dró greinilega úr veikindadögum í leikskólum á síðari hluta árs 2014.

Ytra mat skóla


Ytra mat á skólastarfi er skólunum mikilvægt tæki til almennra umbóta í skólastarfinu. Akureyrarbær er aðili að Skólavoginni eins og flest sveitarfélög á landinu og flestir skólar. Í úrvinnslu Skólavogarinnar fást m.a. upplýsingar um liðan og viðhorf nemenda, árangur á samræmdum prófum, lykiltölur í rekstri skólanna og viðhorfum foreldra og starfsmanna gagnvart skólastarfinu. Allir leik- og grunnskólar Akureyrarbæjar taka nú þátt í Skólavoginni.

Sjá rekstrarupplýsingar grunnskóla úr Skólavoginni, fyrir Akureyrarbæ fyrir árið 2014, í töflu á hægri síðu.

Veikindadagar í leikskólum Akureyrarbæjar 2010-2014



Veikindadagar í grunnskólum Akureyrarbæjar 2010-2014





Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)

	Landið	Akureyri
Fjöldi nemenda á hvern starfsmann við kennslu	9.3	10.4
Fjöldi nemenda á hvern kennara	11.5	12.4
Fjöldi nemenda á hverja stjórnunarstöðu	87.1	122.5
Fjöldi nemenda á hvern almennan starfsmann	21	20.1
Árlegur launakostnaður á hvern nemanda	857	802
Annar árlegur kostnaður á hvern nemanda	495	401
Árlegur sértekjur skólans á hvern nemanda	74	93
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nemanda	1.278	1.110
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nemanda	1.351	1.203
Meðalárslaun starfsmanna	5.555	5.496
Hlutfall starfsmanna við kennslu með réttindi	96.7	97.5
Kostnaðarhlutfall grunnskóla af heildarútgjöldum sveitarfélags	26.9	23.9
Kostnaðarhlutfall grunnskóla m.v. skatttekjur sveitarfélags	30.1	29.2
Hlutfall nemenda m.v. íbúafjölda	13.2	14.6
Innri húsaleiga á hvern nemanda	299	279


Starfsmannþjónusta

Hlutverk Starfsmannþjónustu er m.a. að sjá um launavinnslu hjá Akureyrarbæ, hafa umsjón með með mannauðs- og velferðarstefnu Akureyrarbæjar, miðlægi fræðslu, stjórnendafraeðslu, túlkun kjarasamninga og kjarapróun. Starfsmannþjónusta sinnir upplýsingagjöf og leiðsögn starfsmanna og stjórnenda í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög, samþykktir, reglur og stefnur sveitarfélagsins. Starfsmannþjónusta hefur einnig umsjón með starfsmannahandbók og stjórnendahandbók Akureyrarbæjar, auk starfsmannavefsins www.eg.akureyri.is. Starfsmannþjónustan sér um rekstur á og stýrir notkun á SAP launa- og mannaúðskerfi, umsóknarvef bæjarins ásamt þeim viðverkerfum sem eru í notkun hjá Akureyrarbæ.

Launavinnsla


Árið 2014 voru greidd laun til 3.444 launþega hjá Akureyrarbæ, 1.202 karla (34,9%) og 2.402 kvenna (65,1%). Ársverk voru samtals 1.532. Þar af voru karlar í 419 ársverkum (27%) og konur í 1.113 (73%). Samtals voru greidd laun 8.032 milljónir króna á árinu 2014 og launatengd gjöld voru 922 milljónir.

Stöðugildi 2014 eftir deildum



Boðið var upp á sumarvinnu fyrir unglinga árið 2014 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14-15 ára bauðst vinna í vinnuskóla í 3,5 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 105 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 180 klukkustundir. Samtals voru 479 unglingar á aldrinum 14-16 í vinnuskólanum sumarið 2014. Á meðfylgjandi mynd sést að talsvert fleiri strákar en stelpur tóku þátt í vinnuskólanum. Ungu skólafólki á aldrinum 17-25 ára með lögheimili á Akureyri var gefinn kostur á að sækja um sumarstarf hjá Akureyrarbæ í 5 vikur í 7 tíma á dag, samtals 175 vinnustundir. Allir sem sóttu um fengu boð um starf og voru alls 126 ungmenni ráðin til starfa í fjölbreytt störf hjá stofnunum Akureyrarbæjar.

Vinnuskólinn sumar 2014




Starfsauglýsingar og umsóknir


Til að tryggja hæfni starfsmanna sinna ætla Akureyrarbær að ráða hæft og metnaðarfullt starfsfólk til starfa með því að auglýsa öll störf laus til umsóknar á opinberum vettvangi. Störf hjá Akureyrarbæ eru auglýst á umsóknarvef Akureyrarbæjar, sjá www.akureyri.is.

Frá árinu 2011 hafa verið í gildi ítarlegar verklagsreglur um auglýsingar starfa og tímabundnar ráðningar í störf hjá Akureyrarbæ með það að markmiði að öll störf sem mögulegt er að auglýsa séu auglýst laus til umsóknar. Áhrif þessa eru þau að birtum auglýsingum hefur fjölgað umtalsvert frá því verklagsreglurnar voru fyrst settar þó að sambærileg aukning hafi ekki orðið í fjölda ráðninga.

Birtar atvinnuauglýsingar 2014



Fjöldi atvinnuumsókna 2014



Mannauðskerfi, gæðahandbók og viðverukerfi

Helsta verkfæri starfsmannþjónustunnar er SAP mannauðs- og launakerfið en það samanstendur af nokkrum kerfishlutum: launakerfi, launaáætlunakerfi, umsókna- og ráðningarkerfi, námskeiðskerfi, skrifborði stjórnandans, skjalaskápur og íbúa- og starfsmannavefnum www.eg.akureyri.is. Í mannauðskerfi SAP er viðhaldið með skipulegum hætti upplýsingum um starfsfólk bæjarins sem eykur yfirsýn stjórnenda yfir reksturinn. Kerfið nýtist einnig sem tæki til að skipuleggja starfsþróun starfsfólks, s.s. með utanumhaldi um símenntun og starfsmannasamtöl.

Uppsetning og vinna við gæðahandbók í One systems fyrir deildina hélt áfram á árinu 2014. Markmiðið með gæðahandbókinni er að samræma vinnubrögð og auka skilvirkni með því að endurskoða og skrásetja vinnuferla og leiðbeiningar. Gæðahandbókin er í sífelldri þróun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur skilað sér með skýrum hætti í samræmdari og markvissari vinnubrögðum.



Yfirstjórn Akureyrarbæjar ákvað haustið 2013 að taka upp rafræna viðveruskráningu á öllum stofnunum bæjarins. Í framhaldi af því var samið við Advania um kaup á viðveruskráningarkerfinu Vinnustund sem heldur utan um rafrænar viðveru- og vakt-skráningar og annað sem tengist fjarveru, yfirvinnu og fleiru. Með þessari ákvörðun var einnig ákveðið að allar stofnanir bæjarins tækju upp sama kerfið hvort heldur sem er fyrir viðveruskráningu og/eða vaktaskráningu. Þau kerfi sem eru í notkun núna, Bakvörður, TimeCare og Mytimeplan, verða lögð af í áföngum. Árið 2014 var Vinnustund tekin í notkun á Öldrunarheimilum Akureyrar, Naustaskóla, Ráðhúsi Akureyrar, Akureyrarstofu, Upplýsingamiðstöð og Listasafni. Áætlað er að innleiðingu á Vinnustund verði lokið hjá öllum stofnunum bæjarins árið 2016.

Upplýsingamiðlar

Starfsmannþjónustan heldur úti nokkrum upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Starfsmannahandbók er aðgengileg á vefnum www.akureyri.is/starfsmannahandbok og þar er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum og skyldum og þar er að finna áherslur og samþykktir Akureyrarbæjar í málefnum er varða

starfsmenn og starfsumhverfi þeirra. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega birtar fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar.

Stjórnendahandbók er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is/stjornendahandbok. Handbókin er upplýsingaveita til stjórnenda um ýmis málefni og nýtist þeim til leiðsagnar og stuðnings í daglegum störfum. Þar eru reglulega settar inn fréttir og tilkynningar sem snerta störf stjórnenda. Á árinu 2014 var unnið að endurskoðun handbókarinnar með tilliti til efnisþátta þannig að upplýsingar verði enn betur aðgengilegar fyrir notendur.

Starfsmannavefurinn www.eg.akureyri.is veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP mannauðskerfið. Þar getur starfsfólk m.a. skoðað launaseðla sína og launamiða, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Upplýsingar, s.s. starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælissönn dagsins og lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ, er einnig að finna á vefnum. Auk þess getur starfsfólk skoðað reikninga sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, s.s. leikskólagjöld og fasteignagjöld.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefin út tvisvar sinnum árið 2014. Fréttabréfinu var dreift á kaffistofur stofnana bæjarins auk þess sem það er aðgengilegt í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar. Markmiðið með Innanbæjarkrónikunni er að upplýsa starfsfólk um hin ýmsu málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins.

Starfsmannakönnun

Á árinu 2014 var unnið með tillögur sem lagðar voru fram af starfshópi sem rýndi í niðurstöður starfsmannakönnunar ársins 2013. Meðal verkefna sem ráðist var í var frekari úrvinnsla á niðurstöðum könnunarinnar á hverri deild fyrir sig sem leiddi m.a. til þess að starfsmannþjónustan vann sérstakar starfsmannakannanir fyrir ráðhúsið, samfélags- og mannréttindadeild og búsetudeild. Jafnframt var ákveðið að endurskoða starfsmannasamtalseyðublaðið og að setja á fót leiðtogaþjálfun fyrir embættismenn og aðra stjórnendur. Starfshópurinn taldi mikilvægt að vinna markvisst að því að efla samheldni starfsmanna og stolt þeirra af vinnustaðnum Akureyrarbæ. Ákveðið var að halda einn sameiginlegan viðburð á hverju misseri og að deildir bæjarins skiptist á að bera ábyrgð á viðburðum. Starfsmannþjónustan hóf leikinn og efndi til gönguferðar um Eyryna undir leiðsögn Jóns Inga Cæsarssonar í september 2014. Í lok árs 2014 hófst undirbúningur fyrir nýja starfsmannakönnun sem lögð verður fyrir í byrjun árs 2015 og nær til allra starfsmanna Akureyrarbæjar í meira en 30 % starfi.

Velferðarstefna gagnvart starfsfólki

Árið 2014 var unnið að innleiðingu á velferðarstefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. nóvember 2013. Markmiðið með stefnunni er m.a. að stuðla að velliðan og umhyggju fyrir starfsfólki, standa vörð um heilsu starfsmanna og tryggja að aðstæður í vinnu og vinnuumhverfi séu heilsusamlegar. Einnig er það markmið stefnunnar að draga úr fjarveru starfsmanna og um leið þjónustuskerðingu, kostnaði við afleysingar og álagi sem fjarvera starfsmanna veldur öðrum starfsmönnum á vinnustöðum Akureyrarbæjar.

Eitt af verkefnum velferðarstefnunnar er heilsuráð Akureyrarbæjar. Ráðið var stofnað í febrúar 2014 en það hefur m.a. það hlutverk að hvetja starfsfólk til heilbrigðs lífnefni, veita vinnustöðum ráðgjöf og standa fyrir fyrirlestrum um heilsuefingu. Heilsuráð stöð fyrir ýmsum viðburðum á árinu, s.s. gönguferðum, zumbadansi, sundkennslu og fyrirlestri um mikilvægi góðrar næringar sem er grunnur að góðri heilsu.

Í velferðarstefnunni er einnig mælt til þess að á vinnustöðum Akureyrarbæjar verði stofnaðar heilsuefingarnefndir sem hafi það hlutverk að stuðla að heilsuefingu og góðu vinnuumhverfi auk þess að vera tengiliðir við heilsuráðið. Heilsuefingarnefndir eru nú starfandi á mörgum vinnustöðum bæjarins og heilsuráð vinnur að stofnun fleiri nefnda í samráði við stjórnendur.

Velferðarstefnan leggur til úrræði vegna fjarveru starfsmanna, þ.m. fjarverusamtöl þar sem stjórnendur boða þá starfsmenn sem eru oft, lengi eða reglulega frá vinnu í fjarverusamtal. Stjórnendum var boðið upp á námskeið um fjarverusamtöl vorið 2014.

Fræðslumál

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stórum hluta fram á hverjum vinnustað fyrir sig. Starfsmannabjónustan skipuleggur þó ýmsa sameiginlega fræðslu, t.a.m. eru reglulega haldin nýliðanámskeið og starfslokanámskeið.

Frá því í ágúst 2013 hefur vinnustöðum Akureyrarbæjar staðið til boða námskeið þar sem fjallað er um liðan starfsfólks á vinnustað. Markmið námskeiðanna er að fjalla um og ræða velliðan á vinnustað, samskipti, virðingu og umburðarlyndi. Einnig er boðið upp á námskeið um birtingarmyndir og afleiðingar eineltis og farið yfir ferli máls með það að markmiði að starfsfólk þekki hvernig bregðast eigi við ef einelti kemur upp á vinnustaðnum. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru starfsmenn Akureyrarbæjar sem fengið hafa þjálfun í aðferðum sem virkja þátttakendur til að ræða mál, forgangsraða og taka afstöðu. Leiðbeinendur eru í teymi svokallaðra innanhússfræðara og eru alls 14. Árið 2014 voru haldin um 30 námskeið á vinnustöðum bæjarins við góðar undirtektir.

Stjórnendur Akureyrarbæjar hafa í auknum mæli sótt um styrki í fræðslusjóðina Sveitamennt og Mannauðssjóð Kjalar til þess að sinna endurmenntunarbörfum starfsmanna sinna. Auk margra minni verkefna hafa fræðslusjóðirnir styrkt stór verkefni þar sem fræðsluþarfir eru greindar og fræðsluáætlun er útbúin. Árið 2014 fóru fram fræðsluverkefni í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og fræðslusjóðina á búsetudeild, hjá grunnskólum Akureyrarbæjar, framkvæmdadeild, Amtsbókasafni og Öldrunarheimilum Akureyrar.

Starfsmannabjónustan skipuleggur stjórnendafræðslu Akureyrarbæjar. Markmið stjórnendafræðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi og mikil áhersla er lögð á að bjóða upp á fræðslu er varðar starfsmannamál, s.s. ráðningar, starfsmannasamtöl og samskipti á vinnustað. Jafnframt er lögð áhersla á kennslu á tölvukerfi sem stjórnendur þurfa að kunna á, s.s. mannaúðskerfið SAP og skjalakerfið ONESystem. Fræðsludagatal stjórnendafræðslunnar er að finna í starfsmannahandbók á vef Akureyrarbæjar. Auk ýmissa námskeiða voru tveir starfsdagar stjórnenda haldnir á árinu. Þar var fjallað um leiðtogahtilverkið og stjórnendum gefin kostur á að ræða sameiginleg verkefni.

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar

Á árinu 2014 var samhliða reglulegri starfsemi Öldrunarheimila Akureyrar unnið að mörgum sérverkefnum og þróunar- og umbótaverkefnum. Í umfjölluninni um starfsemi ársins er leitast við að flokka verkefnið í fjóra þætti, þ.e. umbætur og skipulag, hugmyndafræði, velferðartækni og loks samstarfsverkefni, eins og sýnt er með yfirliti í töflu 1, á næstu opnu.

Á sviði umbóta og skipulags eru verkefni innan dagbjónustunnar sem varða sameiningu dagbjónustustarfsins í Viðilundi við starfsemi ÖA. Þær breytingar hófust á árinu 2013 og komu svo til framkvæmda 1. september 2014. Samhliða var unnið að breytingum á skipulagi og starfsemi iðju- og félagsstarfsins í Hlíð. Önnur verkefni í þessum flokki eru verkefni sem lúta að móttöku íbúa og gesta og endurnáttu á áherslum og verklagi. Að auki er unnið að gæðahandbók ÖA og fyrsta áfanga náð við að endurnýja rúmdýnur sem voru komnar á lok endingartíma.

Í janúar 2014 fór fram athöfn þar sem veitt var alþjóðleg viðurkenning á að starf ÖA félli að viðmiðum Eden hugmyndafræðinnar. Þar með var langþráðum áfanga náð en um leið lagður grunnur að undirbúningi næsta áfanga í því ferli. Einnig var á haustmánuðum haldið námskeið um „Lífsneistann“ sem er undirbúningur að markvissri eflingu klúbba- og meðferðarstarfs fyrir einstaklinga með alzheimer. Þá var í upphafi ársins stofnað til samstarf við búsetudeild um að innleiða og nota hugmyndafræði og aðferðir þjónandi leiðsagnar (Gentle teaching) á ÖA. Unnið var að einstökum verkefnum, þjálfun á fimm leiðbeinendum og þrír þeirra sóttu alþjóðlega ráðstefnu í Grikklandi.

Velferð og tækni hefur skipað nokkuð veigamikinn sess í umbóta- og þróunarstarfi á ÖA síðust árin. Auk þess að halda áfram með verkefni á sviði net- og tölvuvæðingar sem hófst 2013 með fjárstuðningi Samherjasjóðsins. Þrjú frekar stór þróunar- og innleiðingarverkefni voru unnin 2014. Langþráð tenging við heilbrigðisskráningarkerfið Sögu var tekin í gagn við tilheyrandi breytingum á vinnulagi. Timian-innkaupakerfið sett upp og tekið í notkun við matarinnkaup á öllum heimilum ÖA en næsti áfangi í því er rafrænar pantarnir á hjúkrunar- og rekstrarvöru, og loks

var á árinu tekið upp nýja vaktavinnu- og tímaskráningarkerfið Vinnustund.

Líkt og áður hafa Öldrunarheimilin verið í fjölbættu samstarfi við ýmsa aðila innan sveitarfélagsins og utan. Unnið var að endurnýjun samnings um lækisþjónustu frá Sjúkrahússins á Akureyri, og ÖA og búsetudeild Akureyrarbæjar hófu sérstakt samstarf um þjónandi leiðsögn og á sviði velferðartækni með þátttöku í Connect, norrænu verkefni. Einnig var á þeim samstarfsgrunni haldin ráðstefna á Akureyri og fjallaði hún um velferðartækni. Þá hlaut ÖA styrk úr Nýsköpunarsjóði



námsmanna til frekari rannsókna á Eden hugmyndafræðinni og viðhorfum íbúa í samstarfi við nema í lýðheilsufræðum. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum með háskólastiginu. Í lok ársins veitti Vaxtarsamningur Eyjafjarðar styrk til þróunarverkefnis í rafrænni lyfjaskráningu sem ÖA stendur að ásamt Lyfjaveri og hugbúnaðarfyrrtækinu Pulu ehf. en verkefnið hófst í lok ársins og er áætlað að ljúka í árslok 2015.

Á árinu 2014 var unnin athugun á innra starfsumhverfi á einu heimila á ÖA. Niðurstöður athugunarinnar leiddu til aðgerðaáætlunar sem m.a. fól í sér skuldbindingar um þátttöku í úrbótaferlinu og rýnihópastarf með utanaðkomandi handleiðslu.

Regluleg starfsemi ÖA sem hin óreglulega og breytingar og þróun, byggir á öllu því ágæta starfsfólki sem þar starfar og viðhorfum þess og helgun í starfi. Eins og undangengin ár hefur starfsfólk lagt sig mjög fram við að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu, samhliða því að takast á við nýjar áskoranir og aðhald í rekstri.

Reksturinn

Rekstur ÖA kostaði 2,1 milljarða króna á árinu 2014. Af þeirri fjárhæð fóru um 1,6 milljarðar króna (73 %) í laun og launatengd gjöld. Yfirvinna sem hlutfall af launum var á bilinu 20-21 %. Annar kostnaður var því um 700 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 260 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt greiðslum íbúa, voru rúmlega 1,6 milljarðar króna og tekjur frá TR vegna húsnæðisgjalds voru um kr. 94 milljónir. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á árinu störfuðu hjá ÖA um 450 einstaklingar í um 210 ársverkum, 414 konur (92 %) og 36 karlar (8 %).

Rýmin og nýting

Í árslok voru á ÖA 186 leyfð rými, 168 hjúkrunarrými og 18 dvalarheimilisrými. Af 168 hjúkrunarrýmum eru 17 rými til skammtímadvalar. Að auki eru 19 leyfi fyrir dagdeildarrýmum í Hlíð en 14 þeirra eru „sértæk rými“ og eitt sértækt er rekið fyrir Eyjafjarðarsveit. Dagbjónustan í Viðilundi hefur leyfi fyrir 16 dagbjónusturýmum, 15 almennum og einu sértæku.

Alls nýttu um 550 einstaklingar hjúkrunar-, dvalar- og dagbjónustu öldrunarheimilanna og þar af 151 einstaklingur sem nýtti sér hvíldar- og skammtímavistun. Í Hlíð nýttu 60 einstaklingar dagbjónustuna (37 konur og 23 karlar) og í Viðilundi



56 einstaklingar (43 konur og 13 karlar). Full nýting rýma var í hjúkrunar- og dvalarrýmum og 99% í dagþjónustu. Að meðaltali koma um 40 einstaklingar í dagþjónustu á hvorum stað eða um 80 manns á viku.

Nýir íbúar sem fluttu inn í föst rými voru 60. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrun var 85,9 ár og 86,1 ár í dvalarrýmum árið 2014. Konur voru um 69% notendahópsins en karlar um 31% og hefur hlutdeild karla lækkað milli ára.

Einstök þróunar- og fræðsluverkefni

Velferð og tækni

Velferðarsjóður Samherja hf. veitti árið 2013 myndarlegan styrk til verkefnisins „velferð og tækni“ á ÖA. Það fólst í að setja upp þráðlaust net og kaupa tölvubúnað og spjaldtölvur til að auka aðgengi íbúa og aðstandenda að nútímatækni í því skyni að auka samskipti og lífsgæði. Á árinu lauk því verkefni með uppsetningum á þráðlausu neti og kaupum á tölvum og spjaldtölvum. Með verkefnastyrk Samherja hf. og með stuðningi Gjafasjóðs ÖA hefur tekist að bæta aðgengi á öllum heimilum ÖA. Samhliða var lögð áhersla á aukna upplýsingamiðlun á heimasíðu, Fésbókarsíðu og upplýsingaskjám innan ÖA.

Eden-þróunin

Frá árinu 2008 hefur verið unnið eftir Eden hugmyndafræðinni á ÖA. Í upphafi árs 2013 var ákveðið að sækja um alþjóða-viðurkenningu sem Edenheimili og hlaut ÖA viðurkenningu í desember 2013 sem afhent var í janúar 2014. Viðurkenningin er gæðakerfi sem felur í sér reglubundnar úttektir á tveggja ára fresti og umbótaverkefni á tímabilinu. Hluti af úttektinni er að leggja fyrir svokallaða hlýleikakönnun meðal íbúa, gesta í dagþjónustu og hvíldarinnlög, aðstandenda og starfsmanna. Könnunin er ætlað að gefa raunsanna mynd af þeirri menningu og andrúmslofti sem ríkir á heimilinu. Á árinu voru unnin umbótaverkefni Eden á sviði fræðslu til stjórnenda og starfsmanna, íbúafunda á heimilum og endurbóta á húsnæði á tveimur heimilum.

Notendaráð

Frá því í október 2012 hefur starfað notendaráð ÖA en markmið þess er að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum íbúa og aðstandenda í starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs er að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsvettvangur þeirra og stjórnenda við ÖA. Í því skyni er á fundum ráðsins miðlað upplýsingum um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma. Notendaráð fundaði að jafnaði mánaðarlega og var viðbót við

aðstandendafélagið í að efla þátttöku íbúa og virkni samkvæmt Eden hugmyndafræðinni. Á árinu var fundum notendaráðsins breytt þannig að „notendaráðs eða íbúafundir“ fara nú fram á hverju heimili að lágmarki tvisvar á ári.

Virkur vinnustaður

Í samstarfi við starfsendurhæfingarsjóðinn Virk er unnið að þriggja ára verkefni um forvarnir og endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi eða slys. Markmiðið er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Lögð er áhersla á jákvæða og heilsusamlega nálgun þar sem unnin er þarfagreining á vinnustaðnum og niðurstöðurnar síðan útfærðar í stefnu. Á haustmánuðum var lögð fyrir könnun sem lokaáfangi í Virk verkefninu og er niðurstöðu að vænta á fyrri hluta árs 2015.

Almenn fræðsla

Fjölbreytt fræðsla var á vegum ÖA á árinu undir merkjum „Markviss“ í samstarfi við Símei. Fræðsluáætlun sem byggir á þarfagreiningu var keyrð bæði vor og haust og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Alls mættu 278 starfsmenn á 24 viðburði þar sem hver viðburður stóð frá einni klst. til þriggja daga námskeiðs. Alls komu 908 manns í fræðslu en meginhluti þess eru starfsmenn.

Hluti af fræðslumálum ÖA eru samstarfsverkefni við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjuþjálfar- og sjúkraliðanema og annarra nema. Frá Finnlandi kom einn sjúkraliðanemi og frá Danmörku komu tveir nemar og voru hér í fjórar vikur í starfsnámi. Frá Svíþjóð kom einn hjúkrunarnemi og einn frá Danmörku og voru í fjórar vikur. Þá komu á árinu félagsráðgjafanemi frá HÍ og iðjuþjálfanemi frá HA í starfsnám. Þá var nemi í opinberri stjórnsýslu í starfsnámi í fjóra mánuði og einnig kom í þrjár vikur nemi frá framhaldsskóla í Frakklandi. Nemar á árinu voru alls 61 þegar taldir eru með nemar á grunnskólastigi.

Gæðamál

Þrisvar á ári er framkvæmt RAI mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI mati fyrir árin 2009 til 2014 sýnir að á 18 af 22 gæðavísam hefur verið viðvarandi jákvæð þróun. Um er að ræða m.a. fækkun legusára, færri sem nota geðlyf, róandi lyf og svefnlyf, færri sem þurfa eitthvert form fjöttra og dregið hefur úr þvag- og hægðaleka, færri eru greindir með þunglyndiseinkenni og virkni er að aukast.

Á árinu var unnið að bættri hjúkrunarskráningu og innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár (Sögu). Gæðahandbók er rafræn og áfram var unnið að uppbyggingu hennar og notkun.

Iðja og félagsstarf

Í kjölfar úttekta og skipulagsbreytinga hafa áherslur og dagskrá iðju- og félagsstarfsins verið í endurmati sem enn er yfirstandandi. Markmiðin eru að einstaklingsmiða úrræðin og mæta betur þörfum notenda.

Eins og undangengin ár var félagslífið fjölbreytt á árinu 2014. Að venju var í boði ýmis konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, spilavist, bingó, keila, söngstundir og skemmtanir tengdar árstíðum, s.s. kvennahlaup, ferðalög og kráarkvöld. Eðen kaffi í Lögmanshlíð og vikulega opið í Kaffi Sól. Árleg handverkssýning var 4.-5. maí og má ætla að um 170 manns hafi komið á sýninguna. Í nóvember var árlegt Markaðstorg og það sóttu tæplega 200 manns.

Starfsemi „Smíðjunnar“ var með líku sniði, þ.e. smíðar og önnur iðja nokkurra einstaklinga sem vinna m.a. að framleiðslu á leikföngum, listmunum og nytjamunum.

Sjálfbærliðar og gleðivakar

Sjálfbærliðar hafa í gegnum tíðina sett sterkan svip á starfsemi á ÖA og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum. Einnig hafa fyrrum starfsmenn ÖA sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“ komið í heimsóknir og aðstoðað við ýmsa viðburði í Hlíð og Lögmanshlíð.

Nemendur framhaldsskólanna komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og önnur verkefni. Þá eru ótaldir heimsóknir „vinaskóla og bekkja“ á grunnskóla- og leikskólastigi.

Umbætur og skipulag	Hugmyndafræði	Velferð og tækni	Samstarfsverkefni
Deildarskipting dagþjónustu og iðju/félagsstarfs	Alþjóðleg Eðen viðurkenning	Saga – heilbrigðisskráningarkerfið	Með búsetudelið um þjónandi leiðsögn og Connect
Gæðahandbók ÖA	Áframhaldandi innleiðing Eðen, umbætur og þrep tvö	Timian – matar- og innkaupakerfið, ásamt upplýsingakerfi	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC), um gæðamál og velferðartækni
Móttaka og ráðgjöf við fjölskyldur, sálfélagsleg þjónusta	Samþætting og samvinna milli starfseininga	Vinnustund – vakta- og tímaskráningarkerfi	Stefnumótun á sviði velferðartækni, Samband ísl. sveitarfélaga og Velferðarráðuneytið
Dagskrá, klúbba- og meðferðarstarf í iðju og félagsstarfi	Lífneistinn, þjálfun starfsmanna og undirbúningur	Skjúpplýsingakerfi á heimilinn	Jafnréttisstofa, karlar í umönnun
Úttekt á innra starfsumhverfi á Aspar- og Beykihlíð	Velferðartækni í þjónustu, umönnun og iðju	Þráðlaust net og tölvur, spjaldtölvur	Prófastsdæmi Eyja-fjarðar og Þingeyjar, um samverustundir og málþing
Samþætting Viðilundar og ÖA	Þjónandi leiðsögn, kynningar, ráðstefna og undirbúningur fyrir innleiðingu	Rafræn gæðahandbók ÖA	Háskólastigið, Háskólinn á Akureyri, Rannís og Háskóli Íslands um rannsóknir, fræðslu og starfsþjálfun
Fyrsti áfangi af þremur í endurnýjun á rúmdýnum		Alfa – rafræn lyfjaskráning og eftirlit	Vaxtarsamningur Eyjafjarðar, ásamt Þulu og Lyfjaveri
Skipurit og stefnumótun		Ræsting og ryksugurabótar, undirbúningur með Hreint hf.	Sjúkrahúsið á Akureyri, endurnýjun samstarfssamnings um læknisþjónustu
		Rafrækt lykklakerfi og aðgangsstýringar, undirbúningur	
		Mynd-/rafræn fræðsluefni: Uppþökur efnis til miðlunar í fræðslu	
		Öryggis og staðsetningarkerfi, athuganir, undirbúningur og prófanir	



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2014

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Matthías Rögnvaldsson forseti bæjarstjórnar
Silja Dögg Baldursdóttir
Logi Már Einarsson
Sigríður Huld Jónsdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Njáll Trausti Friðbertsson
Sóley Björk Stefánsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir

Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Logi Már Einarsson
Matthías Rögnvaldsson
Gunnar Gíslason
Sóley Björk Stefánsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir (áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Félagsmálaráð

Sigríður Huld Jónsdóttir formaður
Jóhann Gunnar Sigmarsson
Halldóra Kristín Hauksdóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valur Sæmundsson
Guðrún Karítas Garðarsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Dagur Fannar Dagsson formaður
Helena Þuríður Karlsdóttir
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Njáll Trausti Friðbertsson
Þorsteinn Hlynur Jónsson
Hermann Arason (áheyrnarfulltrúi)

Íþróttaráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður
Árni Óðinsson
Birna Baldursdóttir
Þórunn Sif Harðardóttir
Sigurjón Jónasson
Guðrún Þórsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður
Þorsteinn Hjalton
Júlí Ósk Antonsdóttir

Samfélags- og mannréttindaráð

Silja Dögg Baldursdóttir formaður
Siguróli Magni Sigurðsson

Eiður Arnar Pálmason
Bergþóra Þórhallsdóttir
Vilberg Helgason
Hlín Garðarsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Skipulagsnefnd

Tryggvi Már Ingvarsson formaður
Eva Reykjalín Elvarsdóttir
Ólína Freysteinsdóttir
Sigurjón Jóhannesson
Edward H. Huijbens
Jón Þorvaldur Heiðarsson (áheyrnarfulltrúi)

Skólanefnd

Bjarki Ármann Oddsson formaður
Dagný Þóra Baldursdóttir
Siguróli Magni Sigurðsson
Eva Hrund Einarsdóttir
Preben Jón Pétursson
Anna María Hjálmarsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Stjórn Akureyrarstofu

Logi Már Einarsson formaður
Elvar Smári Sævarsson
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Eva Dögg Fjölinsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Umhverfisnefnd

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður
Óskar Ingi Sigurðsson
Ingimar Ragnarsson
Kristinn Frímann Árnason
Áshildur Hlín Valtýsdóttir
Ólafur Kjartansson (áheyrnarfulltrúi)

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður
Karólína Gunnarsdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson
Katrín Björg Ríkarðsdóttir til 30.10.2014
Dagný Magnea Harðardóttir frá 30.10.2014
Tómas Björn Hauksson

Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Halla Björk Reynisdóttir til 30.10.2014
Silja Dögg Baldursdóttir frá 30.10.2014
Gunnar Gíslason

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri
Dagur Fannar Dagsson bæjarfulltrúi

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Unnar Jónsson
Njáll Trausti Friðbertsson



Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhann Gunnar Sigmarsson
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Viðir Benediktsson formaður
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Baldvin Valdemarsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Pétur Maack Þorsteinsson formaður
Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Elín Margrét Lýðsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Helgi Þorbjörn Svavarsson

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Jón Heiðar Jónsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Bjarki Ármann Oddsson formaður
Matthías Rögnvaldsson
Silja Dögg Baldursdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Logi Már Einarsson
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir

Stjórn Eypings

Logi Már Einarsson formaður
Eva Hrund Einarsdóttir

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri
Sigríður Huld Jónsdóttir
Gunnar Gíslason

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Andrea Sigrún Hjalmsdóttir
Dagbjört Brynja Harðardóttir
Eiríkur Jónsson

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Haraldur Þór Egilsson
Hulda Sif Hermannsdóttir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veidifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Hlín Bolladóttir formaður
Árni Óðinsson

Menningarfélagið Hof

Hildur Eir Bolladóttir

Menningarfélag Akureyrar

Sigurður Kristinsson

Fjölsmiðjan

Hlín Bolladóttir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf

Hulda Stefánsdóttir
Ómar Ólafsson
Kristín Halldórsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Njáll Trausti Friðbertsson
Edward Hákon Huijbens
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir

Tækifæri hf

Dan Jens Brynjarsson





Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2015
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Daníel Starrason
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000 | Fax 460 1001
akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is